Starfsáætlun Snælandsskóla 2023– 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Snælandsskóli

Efnisyfirlit

1. Stjórnskipulag Snælandsskóla og skipurit 5
1.1 Skipurit Snælandsskóla 5
1.2 Starfsfólk skólans 6
2. Skóladagatal 8
3. Tilhögun kennslu 9
3.1 Upplýsingar og kennsluáætlanir 9
3.2 Nám í skóla fyrir alla 9
Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar 9
3.3 Sérstakar áherslur 12
3.4 Tilhögun námsmats 13
3.5 Heimanámsstefna 15
4. Starfsáætlun nemenda 16
4.1 Viðmiðunarstundaskrá Snælandsskóla 2023 – 2024 16
4.2 Foreldraviðtöl 16
4.3 Helstu viðburðir skólaársins 17
4.4 Vettvangsferðir sem tengjast námi nemenda 19
5. Valgreinar í 8. – 10. bekk 19
5.2 Samstarf við VÍ 20
6. Skólabragur/skólareglur 20
6.1 Skólabragur 20
6.2 Góður skólabragur tengist skólareglum 20
6.3 Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn 21
7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð 23
7.1 Skólaráð 23
7.2 Foreldrafélag 24
7.3 Nemendaráð 25
7.4 Heilsuráð 26
7.5 Grænfána- og umhverfisráð 26
7.6 Réttindaráð 26
7.7 Miðstigsráð 26
7.8 Olweusarteymi 26
7.9 Öryggisnefnd 26

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

7.10 Innra mats teymi ... 26
7.11 Áfallaráð ... 27
7.12 Nemendaverndarráð ... 27
7.13 Forvarnaráð ... 27
8. Foreldrasamstarf ... 27
8.1 Viðmið um samskipti heimila og skóla ... 27
8.2 Vinnuferlar í samskiptum ... 29
8.3 Þegar ágreiningur kemur upp ... 29
9. Viðfangsefni innra mats ... 31
9.1 Innra mat Snælandsskóla skólaárið 2023 - 2024 felst í: ... 31
10. Stoðþjónusta ... 31
10.1 Sálfræðiþjónusta ... 31
10.2 Talþjálfun ... 31
10.3 Námsráðgjöf ... 31
10.5 Heilsugæsla ... 32
10.6 Önnur sérfræðiþjónusta ... 32
11. Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf ... 33
11.1 IGLÓ ... 33
11.2 Bekkjarkvöld/árgangakvöld ... 33
11.3 Ferðalög ... 33
11.4 Árshátíð ... 34
12. Símenntunaráætlun Snælandsskóla 2023 – 2024 ... 34
12.1 Kennsluhættir 21. aldar ... 34
12.2 Áhersla á teymisvinnu ... 34
12.3 Réttindaskóli UNICEF ... 34
12.4 Leiðbeinandi námsmat ... 35
12.5 Starfsþróunaráætlun 2023 – 2024 ... 35
13. Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá ... 36
13.1 Rýmingaráætlun Snælandsskóla ... 36
13.2 Viðbrögð við vá ... 36
13.3 Eineltisáætlun ... 36
13.4 Röskun á skólastarfi vegna óveðurs ... 36
13.5 Viðbrögð við jarðskjálfta ... 36
14. Skólaakstur og skólamáltíðir ... 36
14.1 Akstur í sund ... 36
14.2 Skólamáltíðir ... 37

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

15. Annað sem varðar starfsemi skólans 37
15.1 Opnunartími skólans 37
15.2 Heimasíða skólans 37
15.3 Frímínútnagæsla 37
15.4 Skólalóð 38
15.5 Ábyrgð á fjármunum - óskilamunir 38
15.6 Móttaka nýnema – brottflutningur nema úr skóla – skipti milli bekkja innan skóla 38
15.7 Hefðir í skólastarfinu 39
15.8 Krakkaland - Frístundaheimili Snælandsskóla 40
15.9 Samstarf Snælandsskóla við leikskólana. 41
15.10 Samstarf við framhaldsskóla 42

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Formáli

Snælandsskóli er einsetinn grunnskóli með um 455 nemendum og um 85 starfsmenn. Skólinn er staðsettur í fallegu umhverfi við Víðigrund í Fossvogsdal. Skólasetning er 23. ágúst 2023 og skólaslit eru 7. júní 2024 fyrir nemendur í 1-9. bekk en skólaslit fyrir nemendur í 10. bekk verða síðdegis þann 6. júní. Skólinn er opinn frá 7:45 – 15:30 en frístund er opin alla daga til kl. 17:00. Í vetur eru um 130 börn í frístundaheimili skólans sem kallað er Krakkaland og er staðsett í Fagralundi.

Starfsáætlun Snælandsskóla er uppfærð að hausti, samþykkt í skólaráði og send Menntaráði Kópavogs fyrir 1. október ár hvert. Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans sem er www.snaelandsskoli.is . Þá er skólinn einnig með facebook síðu undir nafni skólans þar sem ýmsar upplýsingar um skólastarfið eru birtar.

Mikilvægt er að foreldrar tilkynni forföll nemenda strax að morgni dags. Hægt er að skrá veikindi fyrir heilan dag í gegnum Mentor en einnig er hægt að hringa í skólann strax að morgni dags í síma 441-4201. Fyrir leyfi í einstökum tímum t.d. vegna læknisheimsókna þarf að hringja í ritara eða senda tölvupóst á netfangið ritari.snaelandsskola@kopavogur.is .
Ef óskað er eftir leyfi fyrir nemanda í tvo eða fleiri daga þá þarf að fylla út leyfisbeiðni á heimasíðu skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

1. Stjórnskipulag Snælandsskóla og skipurit

1.1 Skipurit Snælandsskóla



Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

Skólastjóri er æðsti stjórnandi skólans og ábyrgðarmaður.
Aðstoðarskólastjóri sem er staðgengill skólastjóra og jafnframt deildarstjóri unglingastigs.
Deildarstjórar eru deildarstjóri yngsta- og miðstigs, deildarstjóri sérúrræða sem er yfir Smiðju, sérkennslu og skipuleggur störf stuðningsfulltrúa og deildarstjóri upplýsingatækni.

Smiðja er úrræði fyrir nemendur á unglingastigi í Kópavogi. Námið er einstaklingsmiðað og byggir á styrkleikum nemenda og verklegum greinum.
Frístund Snælandsskóla heitir Krakkaland. Hún er opin fyrir nemendur í 1. – 4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn fram til klukkan 17:00.
Námsráðgjafi starfar við skólann sem málsvari nemenda. Skólinn nýtur auk þess stuðningsúrræða sálfræðings, iðjuþjálfa og talkennara.
Ritari hefur umsjón með skrifstofu skólans og er hún opin frá kl. 7:30 – 15:15 alla virka daga nema föstudag þá lokar skrifstofan kl. 15:00.
Húsvörður skólans hefur m.a. umsjón með fasteignum, viðhaldi og daglegum störfum skólaliða.

1.2 Starfsfólk skólans

Kennarar og stjórnendur	Menntun	Starf
Aase Vivaas	Sérkennari	námsver unglinga
Aðalheiður Jóhannsdóttir	Kennari	umsjón 2. bekk
Aðalsteinn Jónsson	Kennari	íþróttir, sund
Agnes Jóhannsdóttir	Sérkennari	deildarstjóri sérkennslu og Smiðju
Ana Rita Ferreira Madeil	Kennari	íþróttir
Anna Mae Cathcart-Jones	Leiðbeinandi	umsjón 1. bekk
Anna Sigrún Jónsdóttir	Leiðbeinandi	umsjón 9. bekk, enska, val
Arnór Aðalsteinsson	Leiðbeinandi	umsjón í 8. bekk, stærðfræði, val, uppl.
Ásta Björnsdóttir	Kennari	íslenska
Berglind Pála Bragadóttir	Kennari	umsjón 10. bekk, samfélagsfræði, val, flæði
Bjarki Aðalsteinsson	Kennari	umsjón 6. bekk, flæði, val
Björn Gunnarsson	Kennari	umsjón 10. bekk, náttúrufræði, val
Broddi Kristjánsson	Kennari	íþróttir, sund
Brynja Áslaug Sigurðardóttir	Kennari	stærðfræði
Brynjar Marinó Ólafsson	Kennari	skólastjóri
Cécile Parcillié	Kennari	myndmennt
Dagný Annasdóttir	Talkennari	talkennsla
Dóra Matthíasdóttir	Kennari	leyfi 2023-2024
Dóra Soffía Þorláksdóttir	Kennari	sérkennsla
Elsa Dýrfjörð	Kennari	íslenska
Gréta Bentsdóttir	Kennari	umsjón 5. bekk, flæði
Guðlaug Gísladóttir	Kennari	leyfi 2023-2024
Guðmunda H. Guðlaugsdóttir	Kennari	bókasafnskennari, snillismiðja, flæði
Guðný Waage	Kennari	umsjón 7. bekk, flæði
Guðrún Helgadóttir	Leiðbeinandi	umsjón 7. bekk, flæði
Guðrún Geirsdóttir	Leiðbeinandi	umsjón, Smiðja
Gunnlaug Hannesdóttir	Kennari	textílmennt
Hafdís Hilmarsdóttir	Kennari	umsjón 9. bekk, íslenska
Hlín Ólafsdóttir	Kennari	myndmennt, textíl, smíði
Heiðar Þór Jónsson	Kennari	umsjón 7. bekk, flæði, val
Helga Björg Árnadóttir	Kennari	leyfi 2023-2024
Hrund Margrétardóttir	Kennari	umsjón 5. bekk, flæði
Inga Sigurjónsdóttir	Kennari	umsjón 4. bekk,
Ingibjörg Halla Hjartardóttir	Kennari	umsjón 3. bekk
Íris Stefánsdóttir	Kennari	umsjón 4. bekk,
Jóhanna Hjartardóttir	Kennari	stærðfræði, snillismiðja, flæði, val
Jón Óttar Karlsson	Kennari	sérkennsla, Smiðja
Júlía Ágústsdóttir	Kennari	heimilisfræði
Karítas Kristjánsdóttir	Kennari	sérkennsla, flæði, tengiliður farsældarþj.
Katrín Dagmar Jónsdóttir	Námsráðgjafi	námsráðgjöf
Kjartan Örn Haraldsson	Kennari	aðstoðarskólastjóri
Kristín Pétursdóttir	Kennari	deildarstjóri yngsta- og miðstigs

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Margrét Thoroddsen	Kennari	tónmennt, flæði, val
Margrét Arna Vilhjálmsdóttir	Kennari	smíði, flæði, val
Móey María Sigþórsd. McClure	Leiðbeinandi	umsjón 1. bekk
Októvía Edda Gunnarsdóttir	Leiðbeinandi	umsjón 6. bekk, flæði
Ólafur Örn Eyjólfsson	Leiðbeinandi	íþróttir, val
Ragnheiður E Guðmundsdóttir	Kennari	deildastjóri upplýsingatækni
Ragnheiður Helgadóttir	Kennari	fæðingarorlof
Ragnhildur Rós Guðmundsdóttir	Kennari	danska, íslenska
Rakel Heimisdóttir	Kennari	umsjón 3. bekk
Rannveig Haraldsdóttir	Kennari	umsjón 4. bekk
Sigríður Þórisdóttir	Kennari	sérkennsla
Sigrún Alla Barðadóttir	Kennari	umsjón 2. bekk
Soffía H. Weisshappel	Kennari	leyfi 2023-2024
Sophie Webb	Kennari	umsjón 5. bekk, flæði
Stefán Gunnarsson	Kennari	Smiðja
Styrmir Stefnisson	Kennari	umsjón 7. bekk, flæði, val
Vigdís Edda Friðriksdóttir	Leiðbeinandi	Íþróttir, sund
Þórdís Björg Stefánsdóttir	Kennari	fæðingarorlof

Aðrir starfsmenn	Starf
Agnieszka Palenik	skólaliði
Agniezska Salo	stuðningsfulltrúi
Anna Karen Ágústsdóttir	fæðingarorlof
Ana Rita Ferreira Madeil	frístundaleiðbeinandi
Aníta Ýr Þórðardóttir	stuðningsfulltrúi
Ásdís Rún Bjarnadóttir	hjúkrunarfræðingur
Diana Mursa	skólaliði
Elsa Kristjánsdóttir	skólasálfræðingur
Emina Omerasevic	skólaliði
Fadila Zakaria	skólaliði
Fatima Adoum Haroun	skólaliði
Guðrún Lilja Ingvarsdóttir	aðstoðarforstöðumaður frístund
Halldóra Elínborg Björgúlfsdóttir	forstöðumaður frístund
Hekla Maídís Sigurðardóttir	frístundaleiðbeinandi
Herdís K. Heiðarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Herdís Hilmarsdóttir	stuðningsfulltrúi
Hinrik Örn Þorfinnsson	matreiðslumaður
Ingibjörg Fanney Pálsdóttir	skólaliði
Ingvar Pálmi Vilhjálmsson	frístundaleiðbeinandi
Magdalena Krystyna Pas	ritari
Magnús Kjartansson	skóla- og frístundaleiðbeinandi
Manxue Mei	matráður
Maríanna Guðbergsdóttir	leyfi 2023-2024
Milica Anna	frístundaleiðbeinandi
Sigurjón Ágúst Ingibjargarson	stuðningsfulltrúi
Steina Sigurðardóttir	stuðningsfulltrúi
Sveinn Sigurður Gunnarsson	húsvörður
Sylwia Maria Wirkus	skólaliði
Valdimar Ingi Auðunsson	frístundaleiðbeinandi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

2. Skóladagatal

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Snælandsskóli

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 Þ		1 F		1 Ö		1 M		1 F	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 F		1 F		1 M	Annar í Páskum	1 M	Verkalýðsdagurinn	1 L	
2 M		2 L		2 M		2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 L		2 Þ		2 F		2 Ö	Sjómannadagurinn
3 F		3 Ö		3 Þ		3 F		3 Ö		3 M	Gengið mót heilkandi sól	3 L		3 Ö		3 M		3 F		3 M	
4 F		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 Ö		4 M		4 F		4 L		4 Þ	
5 L		5 Þ		5 F		5 Ö		5 Þ		5 F		5 M	Foreldraviðtalsdagur	5 Þ	Jafnréttisdagur	5 F		5 Ö		5 M	Vorfellur
6 Ö		6 M		6 F		6 M		6 M	Hour of code	6 L	Þrettándinn	6 Þ		6 M		6 L		6 M		6 F	Grænfánadagur / skólaslit 10. bekkjar
7 M	Frídagur verslunarmanna	7 F		7 L		7 Þ		7 F		7 Ö		7 M		7 F		7 Ö		7 Þ		7 F	Skólaslit
8 Þ		8 F	Dagur læsis	8 Ö		8 M	Sérkitudagur gegn einelti	8 F		8 M		8 F		8 F		8 M		8 M		8 L	
9 M	sumardvöl 1b - frístund	9 L		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Uppstigningardagur	9 Ö	
10 F	sumardvöl 1b - frístund	10 Ö		10 Þ	Skipulagsdagur - frístund lokuð	10 F		10 Ö		10 M		10 L		10 Ö		10 M		10 F	Skipulagsdagur	10 M	Skipulagsdagur
11 F	sumardvöl 1b - frístund	11 M		11 M		11 L		11 M		11 F		11 Ö	Dagur íslenska táknmálsins	11 M		11 F		11 L		11 Þ	Skipulagsdagur
12 L		12 Þ		12 F		12 Ö		12 Þ		12 F		12 M	Bóndadagur	12 Þ	Skipulagsdagur - frístund lokuð	12 F	Helgidagur	12 Ö		12 M	
13 Ö		13 M		13 F		13 M		13 M		13 L		13 Þ	Sprengidagur	13 M		13 L		13 M		13 F	
14 M	sumardvöl 1b - frístund	14 F		14 L		14 Þ		14 F		14 Ö		14 M	Öskudagur	14 F	Dagur stærðfræðinnar	14 Ö		14 Þ		14 F	
15 Þ	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	15 F	Haustdagur	15 Ö		15 M	Skipulagsdagur	15 F		15 M	Skipulagsdagur	15 F		15 F		15 M		15 M		15 L	
16 M	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	16 L	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 F	Dagur íslenskrar tungu	16 L		16 Þ		16 F		16 L		16 Þ		16 F		16 Ö	
17 F	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	17 Ö		17 Þ		17 F		17 Ö		17 M		17 L		17 Ö		17 M		17 F		17 M	Lýðveldisdagurinn
18 F	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	18 M		18 M		18 L		18 M	Jólamatur	18 F		18 Ö	Konudagur - upphaf Góu	18 M		18 F		18 L		18 Þ	
19 L		19 Þ		19 F		19 Ö		19 Þ	Litlu jól og fleira	19 F		19 M	Vetrarfrí	19 Þ		19 F		19 Ö	Hvítasunnudagur	19 M	
20 Ö		20 M		20 F		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 M	Jólaskemmtun	20 L		20 Þ	Vetrarfrí	20 M		20 L		20 M	Annar í Hvítasunnu	20 F	
21 M	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	21 F		21 L		21 Þ		21 F		21 Ö		21 M		21 F		21 Ö		21 Þ		21 F	
22 Þ	Skipulagsdagur sumardvöl 1b - frístund	22 F		22 Ö		22 M		22 F		22 M		22 F		22 F		22 M		22 M		22 L	
23 M	Skólasetning - frístund lokuð	23 L		23 M		23 F		23 L	Þorláksmessa	23 Þ		23 F		23 L		23 Þ		23 F		23 Ö	
24 F		24 Ö		24 Þ		24 F		24 Ö	Aðfangadagur jóla	24 M		24 L		24 Ö	Pálmasunnudagur	24 M		24 F		24 M	
25 F		25 M		25 M	Foreldraviðtalsdagur	25 L		25 M	Jóladagur	25 F		25 Ö		25 M		25 F	Sumardagurinn fyrsti	25 L		25 Þ	
26 L		26 Þ	Evrópski tungumálidagurinn	26 F	Vetrarfrí	26 Ö		26 Þ	Annar í jólum	26 F		26 M		26 Þ		26 F	Umhverfisdagur	26 Ö		26 M	
27 Ö		27 M		27 F	Vetrarfrí	27 M		27 M		27 L		27 Þ		27 M		27 L		27 M		27 F	
28 M		28 F		28 L	Fyrsti vetrardagur	28 Þ		28 F		28 Ö		28 M		28 F	Skírdagur	28 Ö		28 Þ	Vorferðir	28 F	
29 Þ		29 F		29 Ö		29 M		29 F		29 M		29 F		29 F	Föstudagurinn langi	29 M		29 M		29 L	
30 M		30 L		30 M		30 F		30 L		30 Þ				30 L		30 Þ		30 F		30 Ö	
31 F				31 Þ				31 Ö	Gamlársdagur	31 M				31 Ö	Páskadagur			31 F			

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Skipulagsdagar
Skertir nemendadagar
Uppbrotsdagar
Vetrarfrí
Kennsludagar
Helgi/Frídagar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

3. Tilhögun kennslu

3.1 Upplýsingar og kennsluáætlanir

Hver árgangur er ein heild með umsjónarkennara sem saman hafa yfirsýn og umsjón með námi hans. Við skólann er starfrækt Smiðja fyrir nemendur úr unglingadeildum Kópavogs þar sem kennt er samkvæmt einstaklingsnámskrá með áherslu á verklegar greinar.

Kennsluáætlanir eru unnar fyrir allar námsgreinar. Kennarar gera áætlanir fyrir námslotur sem birtast fyrir hvora önn fyrir sig. Kennsluáætlanir eru birtar á Mentor og á heimasíðu skólans. http://www.snaelandsskoli.is/nemendur/

Mentor er skráningar- og upplýsingakerfi skólans og ber öllum kennurum að vista upplýsingar þar. Kennarar skrá viðveru nemenda, vinnu/heimavinnu, gera kennsluáætlanir, annast og færa inn námsmat. Auk þess senda þeir vikulega upplýsingar til foreldra um skólastarfið.

3.2 Nám í skóla fyrir alla

Stuðningur við nemendur í skóla án aðgreiningar

Samskipti og líðan

Skólinn lætur sig varða líðan og samskipti nemenda og gera allt sitt til að líðan þeirra innan og utan skólans verði sem best. Í skólanum eiga nemendur að mæta hlýju og glaðlegu viðmóti ásamt festu og öryggi. Í Snælandsskóla er lögð áhersla á samvinnu kennara á sem flestum sviðum og að nemendur fái sem allra mesta samfellu í sínu námi.

Skólinn leggur áherslu á að allir kennarar hvers árgangs vinni vel saman bæði að skipulagningu og vinnu. Til þess eru mynduð kennarateymi um hvern árgang. Í kennarateyminu eru umsjónarkennarar hvers bekkjar í viðkomandi árgangi, en aðrir kennarar og sérkennarar eru kallaðir til eftir þörfum. Kennarateymið hittist a.m.k. einu sinni í viku á árgangafundi og þar fer fram innra skipulag kennslunnar. Þannig ætlast skólinn til ákveðins frumkvæðis frá kennurum og að ákveðin gagnrýnin umræða um námsefni og vinnubrögð fari reglulega fram. Á unglingastigi eru kennarar í sama árgangi og /eða fagi í teymi og samvinnu. Það eru m.a. þessi samskipti starfsmanna innbyrðis og samskipti þeirra við nemendur sem móta skólabraginn. Til að forðast óþarfa árekstra þurfa samskiptareglur að vera skýrar, upplýsingamiðlun góð og verkaskipting ljós milli þeirra sem taka ákvarðanir.

Ábyrgð, réttlæti og umburðarlyndi eru mikilvægir þættir í mannlegum samskiptum. Starfshættir skólans skulu mótast af umburðarlyndi og jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð. Það felur samt sem áður í sér frelsi til mismunandi skoðana, viðhorfa og vinnubragða, en gagnkvæm tillitssemi og virðing er lykilatriði í öllum mannlegum samskiptum.

Það er sýn starfsmanna Snælandsskóla að allir nemendur eigi að fá að njóta hæfileika sinna við bestu aðstæður. Til þess getur þurft aðlagað námsumhverfi innan skólans en einnig er leitað sérhæfðra úrræða í sérdeildum þegar það er talið hæfa nemendum best.

Skipulag sérfræðiþjónustu

Öllum sveitarfélögum, er standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólanum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, námsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. (Lög um grunnskóla 2008, 40. gr. og reglugerð nr. 584 frá 2010).
Sérfræðiþjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna almenns skólastarfs og einnig vegna nýbreytni og þróunarstarfa. Sérfræðiþjónusta skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Þá skulu starfsmenn sérfræðiþjónustu vinna að forvarnarstarfi með athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í námslegum, sálrænum eða félagslegum erfiðleikum hafi þessir erfiðleikar áhrif á nám nemenda og gera tillögur um úrbætur. Forráðamenn nemenda geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna.

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi. Á þeim hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda, heldur einnig að veita nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og frjóa hugsun. Skólinn vinnur eftir hugmyndafræði um skóla fyrir alla. Kennarar þurfa að sjá um að nemendur fái viðfangsefni við hæfi, aðstoða þá í náminu og vinna að því að þeir tileinki sér heilbrigðar lífsvenjur. Kennarar annast kennslu samkvæmt stundaskrá og þeir annast nemendur á meðan þeir eru í skólanum. Allir kennarar skólans eru ábyrgir fyrir því að hafa samband við foreldra ef aðstæður kalla á það.

Umsjónarkennarar eiga öðrum fremur að fylgjast með námi og þroska allra nemenda sem þeir hafa umsjón með. Í þessu felst m.a. að leiðbeina nemendum í námi og mati á því, hlutast til um andlega og líkamlega velferð þeirra og hafa samvinnu við foreldra/forráðamenn eftir þörfum. Umsjónarkennarar láta sig varða samskipti meðal nemenda. Þeir leitast við að skapa góðan skólabrag, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi. Þeir aðstoða nemendur og ráðleggja þeim um vinnulag, námsval og persónuleg mál. Slík persónuleg ráðgjöf gerir ekki þær kröfur til umsjónarkennara að þeir greiði að öllu jöfnu úr vanda nemenda heldur er hlutverk þeirra í samráði við skólastjóra að vísa nemendum, þegar þörf krefur, til sérhæfðs starfsfólks ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu.

Í Snælandsskóla ber umsjónarkennurum að:

- hafa reglulegt samband við heimili nemenda með þeim hætti sem ákveðið er hverju sinni (foreldraviðtalsdagar, viðtalstímar, föstudagspóstur, kennsluáætlanir o.fl.).
- bera ábyrgð á því að fylgjast með skólasókn og ástundun nemenda samkvæmt þeim ákvörðunum sem skólastjórn og Kópavogsbær mæla fyrir um.
- sjá um að heimanám og námsmat séu skráð með þeim hætti sem skólastjórn ákveður.
- láta sig líðan og aðstæður nemenda varða og miðla upplýsingum til annarra kennara.
- hafa samráð við annað starfsfólk t.d. stuðningsfulltrúa og skólaliða.
- koma upplýsingum til nemendaverndarráðs um þá nemendur sem að hans mati þurfa á sérúræðum/hjálp að halda.
- kynna sér hvort einhver sérstök verk/verkefni fylgi þeim árgangi sem hann kennir svo sem sérstök ferðalög, söngleikir, hlutverk á jólaskemmtun og fleira.

Sérkennarar

Deildarstjóri sérúrræða skipuleggur sérkennslu í skólanum og kennslu í Smiðju.

Hlutverk sérkennara

- Aðstoða umsjónarkennara við að greina sérkennsluþörf í hópum, þ.e. prófa og greina nemendur að beiðni umsjónarkennara og gera skimanir og skipulega athugun, mat og skráningu.
- Meta með kennurum hvaða nemendur þurfa nauðsynlega hjálp utan skóla, þ.e. sálfræðilega greiningu eða aðra meðferð.
- Gera heildarnámsáætlun fyrir nemendur með sérkennsluþarfir ásamt öðrum kennurum.
- Aðstoða kennara við að finna námsefni við hæfi handa nemendum með sérkennsluþarfir.
- Veita kennurum kennslufræðilega ráðgjöf varðandi hópa í heild eða einstaka nemendur.
- Sjá um að koma á fundum við sérfræðinga ef foreldrar og/eða kennarar óska eftir því.
- Vera tengiliður við ýmsar stofnanir utan skólans vegna barna með sérþarfir.
- Sitja fundi nemendaverndarráðs ef verið er að ræða málefni nemenda sérkennarans.
- Mæta á árgangafundi o.fl. fundi með umsjónarkennurum ef þeir eða sérkennari óska þess.
- Mæta á samráðsfundi sérkennara og skólastjórnar um skipulag sérkennslunnar.
- Hafa umsjón með sérkennslustofum og sérkennslugögnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Skipulag sérkennslu í Snælandsskóla

- Í Snælandsskóla er lagður metnaður í að sinna sérkennslumálum eins vel og hægt er á hverjum tíma. Mikil vinna er lögð í að finna bestu lausnir og sífellt er verið að endurmeta skipulagið og starfið.
- Áhersla er lögð á fyrirbyggjandi starf, sveigjanleika, samvinnu og vellíðan.
- Áhersla er lögð á skimanir og stöðumat hjá yngstu nemendunum að sinna yngstu nemendum vel og þar með unnið fyrirbyggjandi starf.
- Áhersla er lögð á að hafa sveigjanleika í sérkennslunni, þ.e. sérkennslan fer að mestu fram inni í bekk en einnig í sérkennslustofum eða öðrum afdrepum. Unnið er með einn nemanda eða litla hópa. Ýmist er um að ræða langtímaáætlun eða stutt námskeið.
- Áhersla er lögð á að sérkennarar, umsjónarkennarar, stuðningsfulltrúar, sérgreinakennarar, deildarstjórar og foreldrar vinni náið saman.

Stuðningsfulltrúar

Stuðningsfulltrúar vinna undir stjórn sérkennara og umsjónarkennara. Þeirra starf getur falist í því að koma að almennum stuðningi í hópum eða að fylgja einstökum nemendum sem eiga við veikindi eða fötlun að stríða og aðstoða þá við athafnir daglegs lífs.

Útfærslur Snælandsskóla

Námsaðstæður og umhverfi

Snælandsskóli er 455 barna almennur grunnskóli með 20 bekkjardeildum auk Smiðju sem er úrræði fyrir nemendur á unglingastigi í Kópavogi. Aðstaða til sérkennslu í Snælandsskóla er frekar þröng. Námsver eru á miðstigi og unglingastigi en auk þess eru tvö minni sérkennslurými á yngsta stigi. Gallerí er listasmiðja í Fossvogsdal í gömlu róluvallarhúsnæði þar sem aukin verkleg kennsla fer fram fyrir Smiðju.

Námsskipulag

Allir nemendur skólans tilheyra árgangi sem umsjónarkennarar hafa umsjón með. Nemendur í Smiðju sækja þá tíma með bekkjunum sínum sem þeir geta en eru annars með einstaklingsmiðaða stundatöflu. Nemendur sem fá kennslu í námsveri á mið- og unglingastigi sækja á sama hátt þá tíma sem hægt er með sínum umsjónarhópum. Nemendur sem ekki fylgja almennri námsskrá hóps eru með aðlagað námsefni eða einstaklingsnámskrá.

Teymi um einstaka nemendur

Nemendum með fötlun og nemendum sem eiga erfitt með að stunda skóla af einhverjum ástæðum er fylgt eftir með fundum sérfræðiteyma. Reglulega er fundað með fulltrúum Velferðasviðs vegna einstakra nemenda. Nemendum í þessari stöðu og foreldrum þeirra stendur til boða samþætt þjónusta í þágu farsældar sbr. lög nr. 86/2021 og við skólann er starfsmaður sem er tengiliður samþættrar þjónustu.

Teymiskennsla

Umsjónarkennarar hvers árgangs vinna saman að skipulagi starfsins innan árgangsins. Umsjón árganga er á höndum umsjónarkennara sameiginlega.

Sérkennarar skólans annast fyrirlögn lestrarprófa í samvinnu við aðra kennara sem gefur yfirsýn yfir stöðu allra nemenda. Sérkennarar leggja jafnframt fyrir lestrargreiningar og önnur greiningarpróf.

Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)

Mikil fjölgun hefur verið á nemendum sem þurfa kennslu í íslensku sem annað tungumál. Áhersla er lögð á nemendur sem hafa búið í fjögur ár eða skemur á Íslandi og er þá fyrst og fremst er unnið með talað mál orðaforða og skilning.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Úrræði

Nemendur í Snælandsskóla sem eiga í erfiðleikum í námi, sálrænum og /eða félagslegum erfiðleikum geta fengið athugun hjá skólasálfræðingi, sérkennara eða talkennara að beiðni umsjónarkennara og/eða foreldra eftir að nemendaverndarráð hefur fjallað um beiðnina. Að þeim athugunum loknum er tekin ákvörðun um þá aðstoð sem talin er henta best. Hún getur verið í ýmsu formi svo sem sérkennsla, ráðgjöf til nemenda, foreldra, kennara, námsráðgjöf, talkennsla, tilvísun til sérfræðinga utan skólans o.fl. Fer það eftir aðstæðum hvers nemanda og þeim úrræðum sem skólinn hefur yfir að ráða. Náin samvinna er milli sérkennara, bekkjarkennara og foreldra um námsaðstoð sem boðið er upp á.

3.3 Sérstakar áherslur

Grænfáninn er endurnýjaður annað hvert ár með því að skólinn setur sér ný markmið að vinna að. Grænfáninn hefur verið dreginn 9 sinnum að húni við skólann. Í tengslum við Grænfánaverkefni skólans er 19 ára hefð fyrir endurvinnslu og áhersla á fjölnotaumbúðir og að fara vel með pappír og bækur sem eru samnýttar á milli ára. Nemendur hafa einnig unnið ýmiss endurvinnslu- og samfélagsverkefni í skólanum m.a. saumað fjölnota burðarpoka, saumað svuntur fyrir smíðastofu og klætt stólsetur með gömlum gallabuxum og unnið ótal nytjamuni í Galleríinu úr verðlausu efni. Þá hafa nemendur hannað bekki á skólalóð úr timburdrumbum og smíðað kassabíla fyrir Frístund svo nokkur dæmi séu tekin.
Öllum kennurum er uppálagt að gera útikennslu hátt undir höfði og lagt er upp með að útikennsla og umhverfismennt henti öllum námsgreinum. Útikennsla felst í því að flytja kennslu í sem flestum greinum að einhverju leyti út fyrir veggi skólans, til að tengja hana, með markvissum aðferðum og verkefnum, því samfélagi og náttúru sem þar er. Útikennsla er eitt af sex þemaverkefnum í flæði á miðstigi.

Heilsueflandi grunnskóli, er samstarfsverkefni Embættis Landlæknis og grunnskóla, og eitt einkennismerkja skólans. Í heilsueflandi skóla er hugað sérstaklega vel að andlegri og líkamlegri líðan nemenda og starfsfólks, sem og umhverfi skólans í góðri samvinnu við heimilin og nærsamfélagið. Unnið er m.a. með hreyfingu, mataræði, geðrækt og lífsleikni.

List- og verkgreinum er gert hátt undir höfði í Snælandskóla og eru samþættar markmiðum grænfána og heilsueflingar. Áhersla er lögð á endurvinnslu af öllu tagi við verkefnaval. List- og verkgreinar eru kenndar í hringekjum og fá nemendur kennslu í smíði, myndmennt, textílmennt og heimilisfræði auk kennslu í tónmennt og tölvu- og upplýsingatækni í gegnum Snillismiðju skólans. Á miðstigi eru list- og verkgreinar bæði kenndar sér og samþættar þemaverkefnum í flæði. Nemendur á unglingastigi eru með fasta hringekjutíma í töflu en geta auk þess valið sig inn á list- og verkgreinabraut.
Uppsetning söngleikja eru fastur liður í starfi nokkurra árganga. Nemendur í 3., 4., og 6. bekk setja upp söngleiki að eigin vali og halda sýningar bæði fyrir foreldra og skólasystkini sín.

Snillismiðja og spjaldtölvur. Nemendur Snælandsskóla hafa spjaldtölvur til afnota frá Kópavogsbæ. Með Snillismiðju leggur Snælandsskóli áherslu á að nýta þær í vinnu við vísindi og sköpun. Þar fá nemendur að spreyta sig á forritun, handritsgerð, kvikmyndagerð og tilraunum til að efla áhuga og þekkingu á vísindum og tækni. Markmið verkefnisins er að auka og efla námsárangur. Hlutverk skólans með innleiðingu tækni í skólastarfinu er að skapa bestu aðstæður til þess að nemendur og kennarar fái nýtt þá möguleika sem tæknin býður uppá til þess að efla grunnstoðir skólastarfs samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla.

Snælandsskóli er Réttindaskóli Unicef. Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna. Skv. Barnasáttmálanum er hlutverk menntunar að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína, hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Flæði

Veturinn 2021-2022 var farið af stað með verkefni á miðstigi sem kallast *Flæði*. Í því felst að stundatafla er skipulögð með þeim hætti að áhersla er á bóklega kennslu og kjarnafög fyrstu fjóra til fimm tíma dags en að því loknu tekur við vinna í Flæði. Inn á þann tíma koma list/verkgreinar, sund og íþróttir en þar fyrir utan tekur við vinna sem skipulögð er í sex vikna lotum af kennarateymi sem sérhæfir sig í ákveðnu þema en þau eru lífsleikni, útikennsla og umhverfi, hönnun og nýsköpun, snillismiðja, STEM (raungreinar og vísindi) og listir. Lagt er upp með að vinna í þessum tímum verði fjölbreytt og þverfagleg auk þess sem áhersla er á að árgangurinn upplifi sig sem eina heild og þjálfist í samvinnu m.a. með uppstokkun hópa í hverri lotu á sex vikna fresti.

Frelsi

Á unglingastigi fá nemendur tvær kennslustundir á viku í áhugasviðstímum sem hluta af valgreinum. Með áhugasviðstímum er ætlunin að koma til móts við áhugasvið nemenda með fjölbreyttum hætti þar sem nemandi getur mótað eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið. Nemendur fá að velja sér verkefni til að vinna að í þessum tímum en verkefnin geta ýmist verið stutt eða þannig að nemendur þurfa að vinna í þeim í lengri tíma. Verkefni sem nemendum stendur til boða að velja á milli geta verið samþætt eða reynt á ákveðin fög bæði bókleg sem og list/verkleg.

Fagtímar

Önnur nýjung á unglingastigi sem hófst skólaárið 2021-2022 er sú að nemendum gefst kostur á að nýta fjórar kennslustundir í sjálfstæða vinnutíma þar sem þeir fá að skipuleggja eigið nám undir handleiðslu kennara. Þessir tímar kallast *Vinnutímar* á stundatöflu nemenda og eru hugsaðir sem tímar til að sinna vinnu í þeim faggreinum sem nemandi hefur mest þörf fyrir hverju sinni. Markmiðið er að gera nemendur sjálfstæðari og að þeir taki aukna ábyrgð á eigin námi.

3.4 Tilhögun námsmats

Snælandsskóli vill hafa leiðsagnarmat og -nám að leiðarljósi en auk þess leggjum við áherslu á að nemendur séu metnir jafnt og þétt yfir veturinn og þeim og foreldrum birtar niðurstöður í gegnum Mentor reglulega.

Við annarskil í janúar og að vori fá nemendur og foreldrar vitnisburðarblað þar sem metin er hæfni nemenda og einnig frammistöðumat þar sem metin er lykilhæfni. Hvort tveggja er hugsað sem yfirlit og samantekt á vinnu annarinnar en nánara yfirlit á að vera hægt að nálgast með því að skoða verkefni sem hafa verið birt yfir önnina á mentor. T.d. ef nemandi fær B í íslensku við annarskil þá getur yfirlit verkefna sýnt að hann standi sig mjög vel í málfræði (A), er í basli með ritun (C) en er í meðallagi bæði í tjáningu og stafsetningu (B). Sjónrænt mat og samantekt á þessum þáttum skýrir B við annarskil.

Mat á hæfni

Í 3.-10. bekk skal nota matskvarða aðalnámskrár þ.e. A, B+, B, C+, C og D en í 1. og 2. bekk er notaður þriggja lita kvarði (Hæfni náð – Þarfnast þjálfunar – Hæfni ekki náð)

Skv. aðalnámskrá má segja að merkingin á bakvið A, B, C og D sé eftirfarandi:

A = Nemandi hefur mjög góð og örugg tök á námsefninu/hæfniviðmiðum
B = Nemandi hefur náð tökum á námsefninu/hæfniviðmiðum
C = Nemandi hefur ná tökum á námsefninu/hæfniviðmiðum að einhverju leyti
D = Nemandi hefur ekki náð viðeigandi tökum á námsefninu/hæfniviðmiðum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026



B og allt yfir það þýðir að nemandi hefur náð nógu góðum tökum á efninu til að halda áfram í þyngra efni. Þetta er í samræmi við kröfur menntaskóla um að nemandi þurfi að vera með B til að komast inn á bók- eða verknámsbrautir (þrep 2). Að sama skapi þýðir C að nemandi þarf að huga að upprifjun eða leggja meira á sig til að bæta stöðu sína. Við inntöku í menntaskóla þurfa þessir nemendur í flestum tilvikum að hefja nám á almennri braut (þrep 1) áður en þeir komast á bók- eða verknámsbraut. Ef nemandi er að fá D og þá sérstaklega ítrekað D eða í mörgum fögum þá þarf að skoða hvort nemandinn þurfi að fá aðlagað námsefni.

Mat á lykilhæfni

Hegðun, samskiptum og vinnusemi á ekki að blanda við hæfni nemenda en engu að síður mikilvægt að koma skilaboðum um mat á þessum þáttum til nemenda og foreldra. Þættir sem við metum eru unnir upp úr lykilhæfni aðalnámskrár og við mat á lykilhæfni höfum við þessa „rúbrikku“ til hliðsjónar:

	✓	○	/
Vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi Frumkvæði Sjálfstæði Vandvirkni Vinnusemi Upplýsingaöflun Meðferð heimilda Skilvísi Skipulag	Gengur vel	Gengur ágætlega	Gengur ekki nógu vel
Samvinna/samskipti Kurteisi Samvinna Tillitssemi Umgengni Virðing	Gengur vel	Gengur ágætlega	Gengur ekki nógu vel

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10 2026

3.5 Heimanámsstefna

Heimanám er hluti skólastarfs í Snælandsskóla. Kennarar setja fyrir heimanám, en þeir eiga að hafa verkefni hófleg þannig að þau rúmist innan þess tíma sem nemendur hafa utan skólatíma. Kennarar reyna eftir bestu getu að samræma fyrirlagningu skyndiprófa þannig að fjöldi þeirra sé takmarkaður í hverri viku. Aldrei verður þó hjá því komist að í skólastarfinu skiptist á annatímar og rólegri stundir. Heimanám og aðra vinnu nemenda eiga kennarar að birta á Mentor en einnig er heimavinnu og vinnu vikunnar getið í vikupósti umsjónarkennara.

Tilgangur heimanáms er eftirfarandi

- Heimanám er til að ljúka óunnum verkefnum í skólanum.
- Heimanám felst í að vinna verkefni sem festa námsatriði betur í minni.
- Heimanám er til að undirbúa efni kennslustunda.
- Heimanám er til að temja nemendum sjálfstæði og sjálfsaga í vinnu.
- Heimanám gefur foreldrum tækifæri til að fylgjast með námi barna sinna og styðja þá eftir megni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4. Starfsáætlun nemenda

4.1 Viðmiðunarstundaskrá Snælandsskóla 2023 – 2024

Tímar á yngsta stigi skv. stundatöflu.
Tímar merktir gulir eru samþættir inn í önnur fög, að mestu ísl og samf (m.a. í gegnum Snillismiðju)

	1b án samþ	1b með sam.	2b án sam.	2b með samþ	3b án samþ	3b með samþ	4b án samþ	4b með samþ
íslenska	9	10	8	9	6,5	7,5	6,5	7,5
enska	1	1	1	1	1	1	1	1
danska	0	0	0	0	0	0	0	0
tónm	2	2	2	2	2	2	2	2
hring	2	2	2	2	4	4	4	4
leikl/tján	1	0	1	0	1	0	1	0
nátt	2	2	3	3	3	3	3	3
íþrótt	3	3	3	3	3	3	3	3
samf+lífs	4	5	4	5	4	4,5	4	4,5
stæ	5	5	5	5	5	5	5	5
uppl	1	0	1	0	0,5	0	0,5	0
Samþætt		2		2		1,5		1,5
x á töflu		23		23		21		21
alls	30	30	30	30	30,0	30,0	30,0	30,0

Tímar á miðstigi skv. stundatöflu.
Tímar merktir gulir eru samþættir inn í önnur fög, þ.e. tíma sem kallast Flæði þar sem þemaverkefni eru unnin í lotum. Sex stöðvar yfir veturinn (STEM, Listasmiðja, Nýsköpun, Lífsleikni, Útikennsla og umhverfi, Snillismiðja)

	5 án flæði	5 með flæði	6 án flæði	6 með flæði	7 án flæði	7 með flæði
íslenska	7	6	6	5	6	5
enska	3	2	2,5	2	2,5	2
danska	0	0	2	2	2	2
tónm	2	0	1	0	1	0
hring	4	2	4	2	4	2
leikl/tján	1	0	2	0	2	0
nátt	3	2	3	2	3	2
íþrótt	3	3	3	3	3	3
samf+lífs	5	5	5	5	5	5
stæ	6	5	5	4	5	4
uppl	1	0	1,5	0	1,5	0
Flæði	0	10	0	10	0	10
Samþætt		10		10		10
x á töflu		20		20		20
	35	35	35	35	35	35

Tímar á unglingastigi skv. stundatöflu.
Tímar merktir gulir eru samþættir inn í önnur fög t.d. sjálfstæða vinnutíma og valgreinar.

	8 án samþ	8 með samþ	9 án samþ	9 með samþ	10 án samþ	10 með samþ
íslenska	6	5	5	4	5	5
enska	3	2	3	2	3	2
danska	4	3	4	3	4	3
tónm	0	0	0	0	0	0
hring	4	4	2	2	2	2
leikl/tján	0	0	0	0	0	0
nátt	3	3	3	3	3	2
íþrótt	3	3	3	3	3	3
samf	3	3	3	3	3	2
stæ	5	4	5	4	5	5
uppl	1	1	0,5	0	0,5	0
Val	4	4	7,5	7,5	7,5	7,5
Samþ/vinn	0	4	0	4,5	0	4,5
Lífsl	1	1	1	1	1	1
	37	37	37	37	37	37

- Upplýsinga- og tæknimennt er að mestu leyti samþætt öðrum námsgreinum
- Á miðstigi eru tíu stundir teknar frá öllum námsgreinum í samþætt, þverfagleg verkefni með áherslu á lífsleikni, útikennslu og umhverfi, nýsköpun og hönnun, snillismiðju, STEM og listasmiðju. Þessir samþættu tímar kallast *Flæði* á stundatöflu nemenda.
- Á unglingastigi eru fjórar til sex stundir teknar frá bóknámsgreinum í sjálfstæða vinnutíma nemenda þar sem þeir fá að skipuleggja eigið nám undir handleiðslu kennara. Þessir tímar kallast *Vinnutímar* á stundatöflu nemenda.

4.2 Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl í Snælandsskóla eru tvisvar á vetri. Þá gefst foreldrum tækifæri á að hitta umsjónarkennara barna sinna og ræða við þá námsgengi og líðan nemenda í skólanum. Annars vegar er foreldradagur á haustönn í október og hins vegar á vorönn í febrúar. Kennurum og foreldrum gefst kostur á að taka viðtölin fljótandi, þ.e. eftir að vinnudegi þeirra lýkur í vikunni fyrir foreldraviðtalsdag. Foreldrar geta óskað eftir viðtölum við íþróttakennara, list- og verkgreinakennara og/eða faggreinakennara og er þeim bent á að hafa samband við ritara skólans. Foreldraviðtalsdagar eru skipulagðir í tengslum við skil á námsmati skólans.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.3 Helstu viðburðir skólaársins

Snælandsskóli Haustönn 2023				
Ágúst				
15.-18. ágúst 15.-18. Skipulagsdagar - sumarfrístund fyrir verðandi 1. bekk		**21.-25. ágúst** 21-22. Skipulagsdagar 22.-23. Viðtöl í 1. bekk 23. Skólasetningardagur og námskynningar 2.-10. bekkur, lokað í frístund 24. Skóli hefst. Frístund opnar. 24. Lota 1 í Flæði og valgreinum hefst		
September				
28. ág-1. sept 28. Kennsla í valgreinum hefst	**4.-8. september** 8. Dagur læsis **7. Skil á kennsluáætlunum á Mentor**	**11.-15. september** **15. Haustdagur / Dagur íslenskrar náttúru. (Uppbrotsdagur, umsjónarkennarar hvers stigs skipuleggja fyrir sitt stig).**	**18.-22. september**	**25.-29. september** 28. Rýmingaræfing 28. og 29. Menntakvika
Október				
2.-6. október 4. Lota 2 í Flæði og valgreinum Samráðsfundir umsjónarkennara og bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa í vikunni.	**9.-13. október** 10. Skipulagsdagur - lokað í frístund **11. Frammistöðumat opnar hjá nemendum**	**16.-20. október** **19. Frammistöðumat lokar og birt foreldrum.**	**23.-27. október** 25. Foreldraviðtalsdagur – stigin skref að nemendastýrðum viðtölum **26. Vetrarleyfi** **27. Vetrarleyfi**	
Nóvember				
30. okt-3. nóv	**6.-10. nóv** **8. Gengið fyrir vináttu/ Baráttudagur gegn einelti**	**13.-17. nóv** 15. Skipulagsdagur - opið í frístund 16. Dagur íslenskrar tungu / Stóra upplestrarkeppnin	**20.-24. nóv** **20. Uppbrotsdagur/Dagur mannréttinda barna (LJoMteymi skipuleggur)** 20. Lota 3 í Flæði og valgreinum	
Desember				
27. nóv-1. des Fótboltamót miðstigs? Söngleikur í 4.b?	**4.-8. des** **6. Kóðað í klukkara (Snillismiðja skipuleggur)** Kaffihús á bókasafni fyrir 1. – 4. bekk með aðstoð unglinga	**11.-15. des** 11.-14. 7. bekkur á Reykjum Fótboltamót unglingad. ? Spiladagur unglingad. ? Rithöfundar í heimsókn ?	**18.-22. des** **18. Jóladagskrá og jólamatur** 19. Jólaball, frístund opin 20. Litlu jólin, frístund opin **21. Jólaleyfi hefst** 21.-22. frístund opin fyrir þá sem eru skráðir	
21. desember-2. janúar - Jólaleyfi 27.-30. Frístund opin fyrir þá sem eru skráðir				

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Snælandsskóli
Vorönn 2024

Janúar

1.-6. janúar	8.-12. janúar	15.-19. janúar	22.-26. janúar
3. Mæting eftir jólafrí kl. 10:00 – Olweusardagur – gengið mót hækkandi sól – (Skipulagður af Olweusarteymi)		Vorönn hefst 15. Skipulagsdagur - opið í frístund **15. Frammistöðumat opnar fyrir kennara og nemendur** 16. Lota 4 í Flæði og valgreinum. Annarskil – vorönn hefst	**24. Skil á einkunnum og mat á vinnu í frammistöðumati** 26. Einkunnir og frammistöðumat birt foreldrum á Mentor

Febrúar

29. jan-2. febrúar	5.-9. febrúar	12.-16. febrúar	19.-23. febrúar
	5. Foreldraviðtalsdagur **8. Skil á kennsluáætlunum á Mentor**	12. Bolludagur 13. Sprengidagur 14. Öskudagur (Sérkennarar og almennir kennarar án umsjónar skipuleggja)	**19. Vetrarleyfi** **20. Vetrarleyfi**

Mars

26. feb-1. mars	4.-8. mars	11.-15. mars	18.-22. mars	25.-29. mars
29. Lota 5 í Flæði og valgreinum 100 daga hátíð 1.b Upplestrarkeppnin í Snælandsskóla	**5. Jafnréttisdagur (UNICEF teymi skipuleggur)**	12. skipulagsdagur – frístund lokuð Stóra upplestrarkeppnin í Kópavogi í Salnum?	20. Páskabingó 10. bekkja	**Páskaleyfi 25. mars-1. apríl**

Apríl

1.-5. apríl	8.-12. apríl	15.-19. apríl	22.-26. apríl
1. Annar í páskum 2. mæting eftir páskafrí	**12. Heilsudagur (Heilsuteymi skipuleggur)** **Söngleikur 6. bekk**	22. Lota 6 í Flæði og valgreinum 18. 1.b í heimsókn á leikskólana	**25. Sumardagurinn fyrsti** **26. Umhverfisdagur/ Plokkdagurinn (Grænfánateymi skipuleggur)**

Maí

29.-3. maí	6.-10. maí	13.-17. maí	20.-24. maí	27.-31. maí
1. maí - Verkalýðsdagurinn	**9. Uppstigningadagur** 10. Skipulagsdagur - opið í frístund		**20. Annar í hvítasunnu**	28. Vorferðir í 1.-9. bekk **30. Skil á einkunnum og mat á vinnu í frammistöðumati**

Júní

3.-7. júní	10.-14. júní	
5. Vorleikar (Íþrótta- og list/verkgreinakennarar án umsjónar skipuleggja) 4.-5. Vorferð 10. bekkjar 6. Grænfánadagur 6. Útskrift 10. b 7. Skólaslit 1.-9.b	10.-11. Skipulagsdagar - opið í frístund	

Skipulagsdagar = 5 á skólaárinu, 8 fyrir utan
Uppbrotsdagar = 8
Skertir skóladagar = 10

Birt með fyrirvara um breytingar á viðburðum

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

4.4 Vettvangsferðir sem tengjast námi nemenda

Í Snælandsskóla er lögð áhersla á nærumhverfi skólans, Fossvogsdalinn, svo og náttúru- og menningarminjar í Kópavogi. Leitast er við að viðfangsefnin tengist sem flestum námsgreinum. Í sumum verkefnum er lögð áhersla á samvinnu og samkennd nemenda á ólíkum aldri.

Vor og haust eru ákveðnir dagar tileinkaðir útikennslu. Haust - og vordagar koma fram á skóladagatali skólans. Áætlun um útikennslu á haust og vordögum felst í markvissri útiveru og hreyfingu. Nemendur skólans vinna saman sem árgangur, stig, í vinabekkjum eða í aldursblönduðum hópum.

Auk þess eru á dagskrá nemenda markviss verkefni og ferðir sem tengjast einstökum árgöngum og námsgreinum. Vinnan fer fram á hinum ýmsu árstímum eftir eðli viðfangsefnanna og er hluti af öðru skólastarfi.

Vettvangsferðir

Vettvangsferðir í Snælandsskóla taka mið af námsefni nemenda. Hver árgangur á kost á einni rútuferð á skólaárinu í námsferð. Allir árgangar taka þátt í þemadögum og uppbrotsdögum sem skipulagðir eru á skóladagatali.

5. Valgreinar í 8. – 10. bekk

Valgreinar eru hluti af skyldunámi og með þeim er stefnt að því að laga nám nemenda sem mest að áhugasviði hvers og eins. Um markmið valgreina segir í aðalnámskrá:

> *Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglingastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa. Val í námi skal miða að skipulegum undirbúningi fyrir nám í framhaldsskóla og taka mið af undirbúningi fyrir bóknám, starfsmenntun, verknám og list- og tækninám. Í þessu skyni gefst nemendum kostur á að dýpka þekkingu sína á þeim námssviðum eða innan lögboðinna námsgreina.* (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti 2013)

Sú leið sem Snælandsskóli hefur valið til að sinna þessari skyldu er að bjóða annars vegar upp á bundið val í tvær stundir sem við köllum Frelsi og tvær stundir í föstudagsvali. Þessum valtímum geta nemendur í 8. – 10. bekk fengið að skipta út að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í íþrótta- og tómstundastarfi. Að auki er boðið upp á fjögurra tíma áhugasviðsbrautir sem hluta af vali fyrir nemendur í 9. og 10. bekk.

Í Frelsistímum gefst nemendum kostur á að velja sér verkefni eftir áhugasviði en í föstudagsvali velja þeir á milli ákveðinna greina eins og t.d. innanhússfótbolta, jóga, yndislesturs, skák eða fjarnáms.

Í fjögurra tíma námsbraut velja nemendur sér braut eftir áhugasviði með það að markmiði að undirbúa sig fyrir nám í framhaldsskóla og dýpka þekkingu sína og leggja eigin áherslur í námi í tengslum við sitt áhugasvið og framtíðaráform. Nemendur geta valið milli fjögurra brauta eða fjarnám í Verslunarskóla Íslands að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Brautirnar sem nemendur geta valið á milli í Snælandsskóla eru Félagsfræði- og málabraut, Náttúrufræði- og raungreinabraut, Íþrótta- og útivistabraut og List- og verkgreinabraut.

Nemendur sem velja fjarnám í VÍ þurfa að hafa sýnt mjög góðan námsárangur í því fagi sem þeir vilja nema auk þess sem nemandinn þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

5.2 Samstarf við VÍ

Þeir sem kjósa að stunda fjarnám taka áfanga við Verslunarskóla Íslands í stað valgreina. Nemendur taka próf í VÍ og fá vitnisburð þaðan. Um er að ræða fullgilt menntaskólanám í áföngunum. Ljúki nemandi áfanga með tilskyldum árangri hefur hann þar með lokið þeim einingum sem hægt er að fá metnar inn í aðra framhaldsskóla en rétt er að taka fram að öðrum framhaldsskólum en VÍ er í sjálfvald sett hvort þeir meti þær einingar til náms hjá sér eða ekki. Snælandsskóli endurgreiðir nemendum kostnað við skráningu og kaup námsbóka.

6. Skólabragur/skólareglur

6.1 Skólabragur

Í Snælandsskóla hafa starfsmenn og nemendur valið lífsgildin fjögur: visku, virðingu, víðsýni og vinsemd til að hafa að leiðarljósi í samskiptum. Við þurfum því í sameiningu að ákveða hvernig við getum haft þessi grundvallaratriði í heiðri. Samhliða því er skólinn Olweusarskóli þar sem lögð er áhersla á fyrirbyggjandi samræður á bekkjarfundum til að stuðla að góðum skóla- og bekkjaranda. UOAM, umhyggja og almennir mannasiðir, eru þau viðmið sem við leggjum til grundvallar í samskiptum.

Snælandsskóli er og á að vera notalegur og frjálslegur skóli með skýr mörk. Við viljum að nemendur hafi svigrúm, frelsi og áhrif en læri um leið að taka ábyrgð á eigin gjörðum. Að auka svigrúm og áhrif nemenda er ekki eftirlátsemi við reglur. Þegar við höfum valið okkur lífsgildi til að fara eftir er mikilvægt að bregðast við ef einhver vanvirðir það sem ákveðið hefur verið. Það er hlutverk þeirra fullorðnu í skólanum að fylgja þessu eftir með því að setja reglur sem styðja við gildin og viðurlög ef út af bregður.

6.2 Góður skólabragur tengist skólareglum

Flestir nemendur leitast við að hegða sér vel í skóla en samt sem áður er nauðsynlegt að allir nemendur þekki þær leikreglur sem gilda í skólasamfélaginu. Góð hegðun nemanda er samofin skólareglum sem gilda í skólanum.

Góð hegðun nemanda í skóla:

- Mætir stundvíslega í skólann, hefur það meðferðis sem honum ber og kemur vel undirbúinn.
- Vandar öll vinnubrögð og frágang á verkefnum.
- Fer vel með skólagögn og verðmæti sem honum er trúað fyrir.
- Gengur vel um skólann sinn og umhverfi hans.
- Hlýðir fyrirmælum og virðir verkstjórnarhlutverk starfsmanna.
- Virðir skólareglur og aðrar samskiptareglur sem gilda í skólanum.
- Leitast við að hafa stjórn á eigin hegðun, bæði í orðum og gjörðum.
- Er tillitssamur og gerir sér far um að setja sig í spor annarra.
- Leitast við að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis.
- Virðir eignarrétt annarra.
- Virðir það að línuskautar, reiðhjól, vespur, hlaupahjól og hjólabretti eru bönnuð á skólalóð á skólatíma.
- Notar ekki gsm síma, snjalltæki eða önnur fjarskipta og hljómtæki í kennslustundum án leyfis kennara.
- Virðir það að hnetur, sælgæti, snakk, gosdrykkir og orkudrykkir eru ekki leyfilegir í skólanum og á skólalóðinni.
- Virðir bann við reykingum, rafrettum, munntóbaki og öðrum vímugjöfum.

Óviðeigandi hegðun nemenda er þegar:

- Nemandi hegðar sér ekki í samræmi við skólareglur og almennar kurteisis- og samskiptareglur.
- Nemandi veldur með hegðun sinni truflun á skólastarfi og/eða vanlíðan hjá öðrum nemendum eða starfsfólki.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Ferli atburða og viðurlög ef út af bregður vegna hegðunar

- Viðkomandi kennari aðvarar nemanda einslega og lætur umsjónarkennara vita. Hlýði nemandi ekki fyrirmælum kennara má vísa honum út úr kennslustund. Kennari upplýsir foreldra.
- Brjóti nemandi ítrekað eða alvarlega gegn skólareglum, ræðir kennari og/eða umsjónarkennari við nemanda og foreldra/forráðamenn.
- Ef enn situr við það sama vísar viðkomandi umsjónarkennari málinu til deildarstjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund um málið.
- Sé ástandið enn óviðunandi er málinu vísað til skólastjóra sem kallar nemanda og foreldra/forráðamenn á fund, þar sem farið er yfir málið og reynt að finna lausn.
- Reynist viðleitni skólastjóra árangurslaus er málinu vísað til fræðsluyfirvalda. Við þessar aðstæður er heimilt að vísa nemandanum úr skóla á meðan tekið er á málefnum hans.

Foreldrar/forráðamenn eru látnir vita um öll alvarleg eða ítrekuð brot og þau unnin í samvinnu við þá. Í samræmi við ákvæði laga um stjórnsýslu er nemandanum og forráðamönnum tryggður andmælaréttur og viðurlög taki mið af jafnræðisreglu og meðalhófsreglu.

Reglur um eigin búnað, síma og snjallúr

- Nemendur Snælandsskóla fá spjaldtölvu til notkunar í skólastarfinu.
- Allur eigin búnaður nemenda er á þeirra ábyrgð og er skólinn ekki tryggður fyrir áföllum sem hann kann að verða fyrir.
- Fyrirmæli kennara skipta öllu máli þegar kemur að notkun á snjalltækjum og eigin búnaði í skólanum. Nemendum ber undantekningalaust að fara eftir fyrirmælum kennara.
- Nemendum ber að viðhafa örugga netnotkun og sýna ábyrga stafræna borgaravitund. Nemendur gæti þess að sýna kennurum sínum og skólasystkinum virðingu og trufla ekki með símhringingum eða skilaboðum. Ekki má taka síma upp í kennslustund án leyfis kennara.
- Notkun síma og snjalltækja er óheimil í öllum prófum nema prófið sé þess eðlis og fyrirmæli heimili slíka notkun.
- Öll upptaka í kennslustundum og spilun á ósiðlegu efni, klámi eða ofbeldi er að sjálfsögðu óheimil.

Reglur fyrir nemendur um umgengni við spjaldtölvur

- Nemandinn ber ábyrgð á tækinu og notkun þess.
- Tækið á að geyma á öruggum stað þegar það er ekki í notkun, t.d. á meðan nemendur eru í sundi.
- Tækið á ávallt að vera í hulstrinu, það hlífir því fyrir hnjaski.
- Matur og drykkjarílát eiga ekki samleið með tækinu.
- Munið að hlaða tækið heima á nóttunni - gleymist það skal taka hleðslutækið með sér í skólann.

6.3 Viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn

Ef nemandi mætir ekki á réttum tíma í skólann, hringir ritari heim eða til aðstandenda, athugar hvað veldur og skráir í Mentor. Viðbrögð við fjarvistum eru þau sömu á öllum skólastigum.
Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur. *„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla.“*

Leyfi og veikindi

Unnið er skv. Viðmiðum Kópavogsbæjar um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
LEYFI/VEIKINDI

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda veikinda- og/eða leyfisdaga við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 5-9 DAGAR	ÞREP 2 10-14 DAGAR	ÞREP 3 15-19 DAGAR	ÞREP 4 20-29 DAGAR	ÞREP 5 30 DAGAR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála. Ef um veikindi er að ræða má óska eftir aðkomu skólahjúkrunarfræðings.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur *„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla*".

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, þrátt fyrir tilkynntar fjarvistir, skal skoða tilkynningar um veikindi og leyfi síðustu þriggja skólamánaða eða lengra aftur ef langt er liðið á skólaárið (staðfest langtíma-veikindi eru hér frátalin). Ritari skólans sendir vikulega póst heim til foreldra. Skólinn getur óskað eftir viðeigandi vottorði sé nemandi veikur í meira en einn dag.

Fjarvistir

Unnið er skv. Viðmiðum Kópavogsbæjar um viðbrögð við ófullnægjandi skólasókn.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKÓLASÓKN
FJARVISTIR

Þegar grunur vaknar um ófullnægjandi skólasókn skal skoða ástundun nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skólasóknar og stuðst við viðmið um fjölda fjarvista við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 2-4 FJARVISTIR	ÞREP 2 5-9 FJARVISTIR	ÞREP 3 10-14 FJARVISTIR	ÞREP 4 15-24 FJARVISTIR	ÞREP 5 25 FJARVISTIR EÐA FLEIRI
Foreldrar fá upplýsingar um skólasókn frá skóla.	Umsjónarkennari á samtal við foreldra og nemanda. Skólastjórnendur eru upplýstir um stöðu mála.	Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt skólastjórnanda eða fulltrúa hans þar sem gerð er áætlun um næstu skref. Nemendaverndarráð er upplýst með vitneskju foreldra.	Skólastjórnandi boðar foreldra til fundar og nemanda ef að við á. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar.	Skólastjórnandi tilkynnir skólasókn til Barnaverndar Kópavogsbæjar og upplýsir Menntasvið Kópavogsbæjar um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref.

Í 19. gr. laga um grunnskóla frá 2008 stendur *„Foreldrar bera ábyrgð á námi barna sinna og ber þeim að fylgjast með námsframvindu þeirra í samvinnu við þau og kennara þeirra. Foreldrar skólaskylds barns bera ábyrgð á að það innritist í skóla þegar það kemst á skólaskyldualdur og sæki skóla*".

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda, skal skoða ástundun nemandans síðustu þrjá skólamánuði, með sérstöku tilliti til dreifingar fjarvista.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7. Skólaráð, foreldrafélag og nemendaráð

7.1 Skólaráð

Starfsreglur fyrir skólaráð Snælandsskóla

1. grein: Skólastjóri stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Vinnulag og starfshættir skulu taka mið af stærð skóla og skólagerð. Reglur þessar gilda um starfsemi skólaráðs og samskipti þess við foreldrafélag, skólaskrifstofu, sem og landssamtök foreldra. Þær öðlast gildi við undirskrift fulltrúa í skólaráði. Skólastjóri sér um að starfsreglur skólaráðs séu kynntar foreldrum og starfsfólki skólans m.a. með birtingu þeirra í skólanámskrá og á upplýsingavef skólans. Skólaráð skal hafa sérstakt svæði á vefsíðu skólans til að kynna starfsemi sína. Þar koma fram nöfn fulltrúa í skólaráði ásamt símanúmerum og netföngum. Skólastjóri ber jafnframt ábyrgð á að skólaskrifstofu sé tilkynnt um nöfn, heimilisföng og netföng fulltrúa í skólaráði strax að lokinni kosningu þeirra. Skólastjóri sér um að koma þeim upplýsingum til foreldra, menntamálaráðuneytis, Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra og Samkóp.

2. grein: Gerð skal áætlun um fundartíma á skólaárinu en skólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði á skólaárinu í skólanum, á dagvinnutíma. Skólastjóri undirbýr fundi og boðar til þeirra með dagskrá. Skólastjóri boðar enn fremur til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári. Skólaráð skal að lágmarki halda einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins.

3. grein: Skólaráð starfar skv. ákvæðum 8. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Skólaráð skal skipað tíu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara, ásamt einum fulltrúa almennra starfsmanna, tveimur fulltrúum nemenda, og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Aðstoðarskólastjóri situr fundi skólaráðs sem fundarritari. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Miðað skal við að skipað sé í ráðið í upphafi skólaárs, fyrir lok septembermánaðar. Foreldrar skulu kosnir á aðalfundi foreldrafélags samkvæmt þeim starfsreglum sem foreldrafélagið setur sér sbr. 9. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Þá skulu kosnir aðalmenn og varamenn. Varamenn skulu skipaðir í skólaráð og geta tekið sæti í skólaráði á einstökum fundum í forföllum aðalmanns. Fulltrúar kennara skulu kosnir á kennarafundi að hausti það ár sem umboð fulltrúa rennur út og fulltrúi starfsmanna á starfsmannafundi að hausti það ár sem umboð fulltrúa rennur út. Fulltrúar nemenda skulu kosnir að hausti samkvæmt starfsreglum nemendafélags, sbr. 10 gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla.

4. grein: Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Menntaráð (áður Skólanefnd), sbr. 6. gr. laga nr. 9/2008 um grunnskóla, getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráði ákveðin verkefni þessu til viðbótar. Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

5. grein: Skólaráð starfar í náinni samvinnu við stjórn foreldrafélag skólans og leitast við að tryggja gagnkvæma miðlun upplýsinga. Fundargerðir beggja aðila skulu vera aðgengilegar á vefsíðu skólans.

Uppfært og samþykkt á fundi skólaráðs 30.9.2019 og staðfest árlega (síðast 26.9.2023).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Starfsáætlun skólaráðs Snælandsskóla 2023– 2024.

Mánuður	Verkefni
26. september Kl. 8:15	Starfsreglur skólaráðs Starfsáætlun fyrir skólaárið 2023 - 2024
2. – 6. október	Samráðsfundir bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa og umsjónarkennara
7. nóvember Kl. 8:15	Fundur skólaráðs með nemendaráði
12. desember Kl. 8:15	Fundur
30. janúar Kl. 8:15	Skólanámskrá Gengið um skólann og skoðað hvað er í lagi og hvað þarf að bæta
19. mars Kl. 8:15	Skóladagatal
23. apríl Kl. 8:15	Opinn fundur skólaráðs
14. maí Kl. 8:15	Áætlanir næsta skólaárs

Birt með fyrirvara um breytingar.

7.2 Foreldrafélag

Foreldrafélag Snælandsskóla hefur verið starfandi frá 1. mars 1977.
Markmið félagsins er að efla samstarf heimila og skóla. Allir foreldrar nemenda skólans eru félagsmenn. Stjórn félagsins er skipuð sjö foreldrum. Fulltrúar foreldra eru kosnir til tveggja ára, þannig að tveir nýir foreldrar koma í stjórn á hverju ári.
Í tengslum við stjórn félagsins starfar fulltrúaráð, sem í eru tveir fulltrúar foreldra úr hverjum bekk. Ráðinu er ætlað að vera tengiliður foreldranna í bekknum við stjórnina og starfa með henni. Þessir fulltrúar skulu einnig sjá til þess að foreldrar og nemendur í hverjum bekk hittist einu sinni til tvisvar yfir veturinn á bekkjarskemmtun, í ferðalagi eða á annan hátt þannig að góð kynni skapist.
Félagið stendur fyrir fræðslufundum fyrir foreldra, jólaföndri og gefur sætindi á öskudag. Auk þess tekur það þátt í vorhátíð skólans annað hvert ár. Foreldrafélagið hefur greitt fyrir upplestur á aðventu, leiksýningar og fyrirlestra fyrir foreldra á haustin. Einnig hefur félagið keypt fyrirlestra fyrir nemendur. Ágóða af starfsemi félagsins hefur verið varið til tækjakaupa og bættrar aðstöðu nemenda. Einnig hefur félagið styrkt útskriftarferð nemenda í 10. bekk og kvatt útskriftarnemendur.
Foreldrafélagið hefur undanfarin ár staðið fyrir foreldrarölti í skólahverfinu á föstudags- og laugardagskvöldum.

Stjórn foreldrafélags skólans, kosin á aðalfundi 2023:

Anna Halldórsdóttir
Ásta Laufey Aðalsteinsdóttir
Brynja Rut Sigurðardóttir
Lilja Bjarklind Kjartansdóttir
Lovísa Ólöf Guðmundsdóttir
Trausti Freyr Reynisson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Lög Foreldrafélags Snælandsskóla

1. grein. Félagið heitir Foreldrafélag Snælandsskóla og er heimili þess í Snælandsskóla við Víðigrund, Kópavogi.

2. grein. Markmið félagsins er:
a) að efla samstarf heimila og skóla.
b) að stuðla að framkvæmd ýmissa mála í þágu nemenda.
3. grein. Markmiðum sínum hyggst félagið m.a. ná með því:
a) að veita skólanum lið svo aðstæður til náms og félagslegra starfa verði samkvæmt kröfum hvers tíma.
b) að halda fundi þar sem fjallað er um ýmis uppeldis- og kennslumál.
c) að veita aðstoð í starfi skólans vegna félagsstarfa og skemmtana í þágu nemenda.
d) að styðja menningarlíf innan skólans, svo sem tónlist, bókmenntir og annað sem að gagni má koma fyrir skólann.
4. grein. Félagar eru allir foreldrar og forráðamenn nemenda í skólanum.
5. grein. Stjórn félagsins skal skipuð sjö fulltrúum foreldra, kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn. Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta stjórnarfundi að hausti. Kjörtímabil kjörinna fulltrúa er 2 ár í senn, þó þannig að tveir nýir foreldrar komi inn ár hvert.
6. grein. Aðalfundur skal haldinn í mars eða apríl ár hvert og skal boðaður með minnst viku fyrirvara.
7. grein. Foreldraráð skal vera starfandi undir stjórn félagsins.
a) það skal skipað tveim fulltrúum úr hverri bekkjardeild til 2ja ára. Einn fulltrúi skal valinn að hausti þannig að nýr fulltrúi komi inn í ráðið ár hvert.
b) fulltrúar í foreldraráði skulu vera tengiliðir milli stjórnar foreldrafélagsins og foreldra hvers bekkjar.
Hlutverk foreldrafulltrúa er að efla samskipti og kynni foreldra, nemenda og kennara.
Skal hann í samráði við umsjónarkennara sjá til þess að foreldar og nemendur hittist t.d. á bekkjarkvöldi a.m.k. einu sinni á vetri. Einnig skal ráðið vera stjórninni til aðstoðar við ýmsa starfsemi í skólanum svo sem jólaföndur, ferðalög og þess háttar.
8. grein. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda sé það tilkynnt í fundarboði með minnst þriggja daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

7.3 Nemendaráð

Nemendaráð á unglingastigi í Snælandskóla starfar við félagsmiðstöðina Igló. Nemendaráð Snælandsskóla vinnur að félags-, hagsmuna- og velferðamálum nemenda. Markmið þess er að nemendur þroskist félagslega, verði hæfari til að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi, geti tjáð skoðanir sínar og unnið með öðrum að þroskandi viðfangsefnum. Valið er í nemendaráðið í félagsmiðstöðinni og starfar nemendaráðið sem opið nemendaráð þ.a. allir sem vilja taka þátt geta tekið þátt. Ráðið er með reglulega fundartíma einu sinni í viku og stjórnar forstöðumaður Igló fundunum.
Meðal verkefna nemendaráðsins eru að skipuleggja og taka virkan þátt í félagsstarfi Igló og vera tengiliðir nemenda og félagsmiðstöðvar. Ráðið tekur þátt í að velja fulltrúa sem situr fyrir hönd Igló í Ungmennaráði Kópavogs. Fimm fulltrúar nemendaráðs sækja einnig Landsmót Samfés.

Markmið félagsmiðstöðva FF:

1. Félagsmiðstöðvar FF skulu vera öruggur samastaður fyrir unglinga þar sem stuðlað er að jákvæðum félagsþroska og samskiptum.
2. Félagsmiðstöðvar FF skulu standa öllum ungmennum opnar sem áhuga hafa á að taka þátt í starfsemi þeirra.
3. Félagsmiðstöðvar FF skulu leitast við að hafa sem hæfast starfsfólk á sínu sviði og viðhalda hæfni þess.
4. Félagsmiðstöðvar FF skulu starfa eftir lýðræðislegum stjórnarháttum þar sem unglingum er kennt að taka ákvarðanir, framkvæma og bera ábyrgð.
5. Félagsmiðstöðvar FF skulu vinna að forvarnarstarfi með aðaláherslu á forvarnir gegn vímuefnum.
6. Félagsmiðstöðvar skulu hafa sem best samstarf við foreldra, starfsfólk skóla og aðra þá sem sinna barna- og unglingamálum í hverfinu.
7. Félagsmiðstöðvar FF skulu veita fræðslu um líf og tilveru unglinga og leitast við að mæta þörfum samfélagsins hverju sinni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.4 Heilsuráð

Fulltrúar nemenda í hverjum bekk frá 4. – 10. bekk eiga sæti í heilsuráði skólans. Heilsuráð fundar reglulega um heilsueflandi stefnu skólans og eftirfylgd við hana. Heilsuteymi kennara stýrir starfi heilsuráðs.
Helstu verkefni eru stefnumótun og eftirfylgd á heilsustefnu og heilsueflandi skóla, skipulag heilsudags, hópefli og hvatning vegna árvissra viðburða.

7.5 Grænfána- og umhverfisráð

Fulltrúar nemenda í hverjum bekk frá 4. – 10. bekk eiga sæti í umhverfisráði skólans. Umhverfisráð fundar reglulega um umhverfisstefnu skólans og eftirfylgd við hana. Umhverfis- og grænfánateymi kennara stýrir starfi umhverfisráðs.
Helstu verkefni eru stefnumótun vegna umhverfisstefnu og grænfána, að halda utan um Grænfána- og umhverfisráð, skipulagning Umhverfisdags og móttaka nýs Grænfána.

7.6 Réttindaráð

Skólaárið 2019-2020 var réttindaráð stofnað í Snælandsskóla. Réttindaráð starfar með lýðræðis- og mannréttindateymi kennara skólans. Réttindaráð hefur gert aðgerðaáætlun um úrbætur á húsnæði og í skólastarfinu.

7.7 Miðstigsráð

Fulltrúar nemenda í 5.-7. bekk eru fulltrúar nemenda í Miðstigsráði. Ráðið hefur það hlutverk að funda reglulega með deildarstjóra miðstigs og ræða mál sem snúa að hagsmunum eða áhuga nemenda á miðstigi.

7.8 Olweusarteymi

Í Olweusarteymi skólans er námsráðgjafi auk kennara og fulltrúa almennra starfsmanna.
Helstu verkefni eru kynning og fræðsla vegna Olweusaráætlunarinnar, umsjón með baráttudegi gegn einelti 8. nóv og vinabekkjadegi, aðstoð við bekkjarfundi bæði með nemendum og foreldrum, þátttaka í eineltisteymi og eftirfylgni við tilkynningar til þess.

7.9 Öryggisnefnd

Í öryggisnefnd eru umsjónarmaður fasteigna og fulltrú almennra starfsmanna, öryggisverðir, og tveir fulltrúar kennara, öryggistrúnaðarmenn.Þeir sinna ákveðnum störfum samkvæmt Vinnuverndarlög - unum og reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.
Helstu verkefni eru eftirlit og eftirfylgni með öryggisþáttum, eftirlit og eftirfylgni vegna aðgengis fatlaðra og gerð öryggisáætlunar.

7.10 Innra mats teymi

Í teyminu eru skólastjóri, deildarstjórar stiga og fulltrúi kennara. Foreldrar og nemendur koma að innra mati í gegnum störf skólaráðs.
Helstu verkefni eru stefnumótun í innra mati og gerð langtímaáætlunar um innra mat, umsjón og yfirferð á könnunum sem lagðar eru fyrir á skólaárinu s.s. Skólapúlsinn o.fl., vinna að umbótaáætlun í samráði við skólastjórnendur og yfirferð og kynning á niðurstöðum kannana fyrir starfmenn, foreldra og nemendur.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

7.11 Áfallaráð

Í Snælandsskóla starfar áfallaráð sem er skipað í upphafi hvers skólaárs. Skólaárið 2023 – 2024 skipa eftirfarandi aðilar áfallaráð: Brynjar Marinó Ólafsson skólastjóri. Kjartan Örn Haraldsson aðstoðarskólastjóri, Kristín Pétursdóttir deildarstjóri. Katrín Dagmar Jónsdóttir námsráðgjafi. Agnes Jóhannsdóttir deildastjóri, Ásdís Rún Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur. Auk þess starfa prestar Hjallakirkju með ráðinu þegar ástæða þykir til.
Áfallaáætlun skólans nær m.a. yfir alvarleg slys eða dauðsfall nemanda, þ.m.t.sjálfsvíg, alvarleg slys eða dauðsfall foreldra eða annarra náinna ættingja, kynferðislega misnotkun, fangelsun náins ættingja o.fl.
Áfallaáætlun skólans má nálgast í heild sinni á heimasíðu Snælandsskóla.

7.12 Nemendaverndarráð

Við Snælandsskóla er starfandi nemendaverndarráð sem fundar einu sinni í viku. Tilgangur þess er að fylgjast sérstaklega með þeim nemendum sem af einhverjum ástæðum eiga í erfiðleikum í skólanum. Aðstoðarskólastjóri er formaður ráðsins, námsráðgjafi, skólastjóri, hjúkrunarfræðingur og yfirmaður sérkennslu eiga sæti í nemendaverndarráði. Skólasálfræðingur fundar reglulega með ráðinu en umsjónarkennari barns er einnig kallaður til ef þörf þykir sem og deildarstjóri. Fulltrúar frá Barnavernd Kópavogs sitja fundi vegna einstakra barna þegar þörf þykir.
Nemendaverndarráð fjallar um málefni allra nemenda og nemendahópa sem þurfa sérkennslu og/eða aðra aðstoð sérfræðinga innan skólans og utan.
Öll mál eru afgreidd þannig að ákveðnum aðila er falið að sjá um framvindu þeirra samkvæmt þeirri ákvörðun sem tekin er og gerir hann grein fyrir störfum sínum á næsta fundi á eftir.
Samráð er haft við foreldra um þau úrræði sem nemendaverndarráð leggur til. Foreldrar eru hvattir til að koma málum á framfæri við umsjónarkennara eða skólastjóra ef barn þeirra á í erfiðleikum í skólanum.
Öll mál sem fyrir nemendaverndarráð koma eru trúnaðarmál og er farið með þau sem slík.
Sjá reglugerð nr. 584 frá 2010 um nemendaverndarmál.

7.13 Forvarnaráð

Ráðið er skipað skólastjórnanda, skólahjúkrunarfræðingi, skólasálfræðingi, sérkennara, námsráðgjafa, tengilið við frístundaheimili og/eða félagsmiðstöð og tengilið við félagsþjónustu.
Helstu verkefni eru að sjá til þess að

- forvarnarstefna skóla taki á kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni
- forvarnarkennsla sé í öllum árgöngum
- til sé áætlun um viðbrögð þegar börn greina frá ofbeldi
- fylgja eftir að starfsfólk fari á netnámskeið frá Barna- og fjölskyldustofu
- greining fari fram á þörf fyrir aðra fræðslu og koma henni á t.d. Í samstarfi við mennta- og velferðasviðs

8. Foreldrasamstarf

8.1 Viðmið um samskipti heimila og skóla

Gildi og stefna Snælandsskóla leggja áherslu á góðan skólabrag og góð samskipti heimila og skóla. Góður skólabragur í Snælandsskóla einkennist af góðum samskiptum, virðingu fyrir sérstöðu og sérkennum hvers einstaklings og kurteisi í framkomu við alla. Innan skólans þarf að ríkja góður skilningur manna á milli, gagnkvæm virðing og traust. Traust verður til þegar menn standa við orð sín, hlusta á það sem fólk hefur að segja og gerir eitthvað með það. Samskipti nemenda og starfsmanna skulu einkennast af virðingu. Nemendur og kennarar eiga að koma vel fram og sýna ábyrga hegðun.
Mikilvægt er að allir aðilar skólasamfélagsins hrósi og haldi á lofti því sem vel er gert. Ef foreldrar hrósa skólanum, einstökum verkefnum eða slíku og skólinn hrósar nemendum og foreldrum fyrir ástundun og stuðning beinast sjónir manna að því sem vel er gert sem eykur ánægju allra í skólastarfinu. Skólinn leggur

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

sig fram um að tryggja gott upplýsingaflæði til foreldra frá skólanum. Skólinn þarf að gæta trúnaðar í viðkvæmum málum og þurfa foreldrar að sýna því skilning.

Hlutverk skólastjórnenda í samskiptum við heimilin

Skólastjórnendur leitast við að tryggja opið upplýsingaflæði og að upplýsa foreldra um skólastarfið með gerð Starfsáætlunar og fréttabréfum bæði reglulega og þegar sérstök ástæða kallar á það. Umsjónarkennarar standa fyrir kynningum á námi og námsefni í skólabyrjun. Skólinn heldur úti heimasíðu og einnig Facebook síðu þar sem birtar eru fréttir úr skólastarfinu. Skólastjórnendur eru til taks fyrir foreldra til að ræða þeirra börn og skólagöngu þeirra að ósk foreldra eða boða foreldra til fundar ef ástæða er til.

Hlutverk skólaráðs

Skólastjóri veitir Skólaráði skólans forstöðu og boðar til fundar með því. Í skólaráði sitja fulltrúar kennara, foreldra og nemenda auk fulltrúa almennra starfsmanna og grenndarsamfélags. Skólaráð er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahaldið. Það tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð hefur til umsagnar allar meiriháttar breytingar í skólastarfinu áður en endanleg ákvörðun er tekin og fylgist með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.

Hlutverk umsjónarkennara gagnvart heimilum

Umsjónarkennarar hafa umsjón með sínum nemendahópum og fylgjast með námsframvindu, velferð og líðan sinna nemenda. Umsjónarkennarar gegna lykilhlutverkum í samskiptum sem snerta einstaka nemendur og annað sem snýr að starfi hvers hóps. Samskipti umsjónarkennara og foreldra eru á foreldrafundum tvisvar á vetri en einnig með fundum, síma- og tölvusamskiptum þegar þurfa þykir. Umsjónarkennarar taka einnig þátt í bekkjarkvöldum sé þess óskað, sem bekkjarfulltrúar skipuleggja tvisvar á vetri utan skólatíma. Umsjónarkennarar senda upplýsingar um starfið í bekkjunum til foreldra með tölvupósti bæði reglulega við hver vikulok og einnig þegar ástæða þykir til vegna einstakra nemenda eða atburða. Upplýsingar um heimanám, námsmat og tölvupóstur er sendur í gegnum Mentor sem er upplýsingakerfi skólans.

Hlutverk foreldra gagnvart skólanum

Mikilvægt er að foreldrar fylgist með námi barna sinna og sýni því stuðning. Þeir sýni áhuga á námi barna sinna og tali jákvætt um skólann og mikilvægi náms. Foreldrar bera ábyrgð á börnum sínum, hegðun þeirra, heimanámi og á að setja þeim almennar reglur og mörk. Foreldrar þurfa að vera reiðubúnir til aðstoðar þegar erfiðleikar koma upp í samskiptum barnanna í skólanum. Þeir þurfa að gæta þess að upplýsa kennara um allar breytingar á aðstæðum nemenda sem geta haft áhrif á líðan þeirra í skólanum.
Foreldrar/forráðamenn mæta tvisvar á ári í viðtöl hjá umsjónarkennara og á kynningar á skólastarfinu að hausti auk bekkjarkvölda, sýninga og annars samstarfs sem bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar standa fyrir. Foreldrar geta auk þess haft samband við kennara með tölvupósti og /eða símleiðis. Þeir foreldrar/forráðamenn sem sjá sér það fært eru ætíð velkomnir til að taka þátt í ferðum og uppbrotsdögum í skólastarfinu í samvinnu við umsjónarkennara. Við sérstakar aðstæður kemur fyrir að skólinn óskar eftir þátttöku einstakra foreldra til að fylgja börnum sínum svo þau fái notið sín í skólastarfinu.
Foreldrar eiga fulltrúa í skólaráði, sjá um skipulag foreldrafélagsins og val bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa.

Hlutverk foreldrafélags

Stjórn foreldrafélags skólans er kosin og stýrt af foreldrum. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera skólastarfinu til stuðnings, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrar kjósa einnig fulltrúa sína í skólaráði. Bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar eru bakland foreldrafélagsins og starfa í samstarfi við það. Virkt foreldrafélag gefur foreldrum kost á margvíslegum tækifærum til að stuðla að og viðhalda góðum skólabrag og kynnast öðrum foreldrum, nemendum og starfsfólki skólans. Það er vettvangur til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun.

Hlutverk bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa

Bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar eru almennt fjórir í árgangi og eru valdir á skólakynningum að hausti. Foreldrafulltrúar hvers árgangs funda að hausti með umsjónarkennurunum og sammælast um aðkomu og stuðning foreldra við bekkjarstarfið. Bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar skipuleggja og standa fyrir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

bekkjarkvöldum og samstarfi foreldra innan árgangs. Bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar í samráði við aðra foreldra, taka ákvörðun um og annast skipulagningu stærri ferða sem kostaðar eru af foreldrum svo sem útskriftarferðar nemenda í 10. bekk.
Bekkjarfulltrúar/árgangafulltrúar eru kennurum til aðstoðar við að hvetja foreldra til þátttöku í skólastarfinu en þeir eru ekki milliliðir á milli foreldra og kennara í erfiðum eða viðkvæmum málum.

8.2 Vinnuferlar í samskiptum

Tölvupóstur

Tölvupóstur er fljótvirkt og þægilegt samskiptatæki sem er ákjósanlegt þegar tilkynna þarf veikindi til skólans eða koma einföldum tilkynningum og upplýsingum frá foreldrum til skólans eða frá kennurum til foreldra. Ef erindi er brýnt er bent á að hafa samband við skrifstofu skólans. Gæta þarf sérstaklega að orðalagi þegar tölvupóstur er sendur og mikilvægt er að átta sig á að tölvupóstur á alls ekki alltaf við. Viðkvæm gögn og póstur er vistaður í skjalavistunarkerfi skólans.
Þegar erfiðleikar eða árekstrar koma upp í skólanum hefur skólinn samband um leið og hann hefur haft tækifæri til að kynna sér málsatvik frá öllum hliðum. Gæta þarf þess að gefa kennurum ráðrúm til að vinna mál og kanna aðstæður hverju sinni.

- Mikilvægt er að kennarar geti einbeitt sér að kennslu í kennslustundum. Ekki er hægt að gera ráð fyrir að kennarar geti lesið eða svarað tölvupósti á meðan kennsla fer fram.
- Skólinn setur sér þá vinnureglu að tölvupósti sé svarað innan þriggja virkra daga frá því hann berst.
- Trúnaðarmál eða viðkvæm mál á ekki að ræða í tölvupósti.
- Mikilvægt er að tölvupóstur sé stuttur og skýr. Tölvupóstur sem skrifaður er í mikilli reiði er ekki líklegur til að leysa mál. Bent er á að hægt er að biðja um viðtal við kennara eða stjórnendur.

Sími

- Foreldrar hringja í skólann eða skrá á Mentor til að tilkynna veikindi.
- Skólinn hringir heim ef nemendur eru ekki mættir í skólann að morgni og ekki hafa borist skýringar á fjarvist þeirra.
- Kennarar hringja í foreldra þegar viðkvæm mál eða atvik koma upp í skólastarfinu. Ef ekki næst í viðkomandi í síma er sendur tölvupóstur.
- Foreldrar eru beðnir að hringja á skrifstofu skólans með áríðandi skilaboð til kennara þar sem ekki er víst að kennarar lesi tölvupóst samdægurs.
- Ritari stýrir aðgengi foreldra að kennurum þegar þeir eru í kennslu.
- Skólinn hringir eins fljótt og auðið er í foreldra ef nemendur hverfa á brott úr skólanum eða verða fyrir slysi.
- Foreldrar eru beðnir að virða einkalíf kennara og annars starfsfólks og hringja ekki í einkasíma þeirra nema með leyfi viðkomandi eða ef mjög alvarlegar aðstæður kalla á það.

Heimasíða og Facebook

Heimasíða er upplýsingaveita um stefnu skólans og starfsáætlanir. Skólinn heldur úti Facebooksíðu þar sem birtar eru tilkynningar, jákvæðar fréttir og myndir úr skólastarfinu með leyfi foreldra. Stundum hafa einstakir hópar/árgangar sínar síður og eru það tilmæli frá skólanum að umsjónarkennurum sé boðin aðild að slíkum síðum og að þær séu eingöngu nýttar til jákvæðra og uppbyggilegra samskipta. Skólinn tekur ekki ábyrgð á síðum foreldra. Við hvetjum til þess að slíkar hópasíður séu ekki notaðar til að viðra vandamál eða ágreining sem upp kann að koma, betra er að leita til skólans í slíkum tilvikum til að ræða málin.

8.3 Þegar ágreiningur kemur upp

Skóli er fjölmennt samfélag ólíkra einstaklinga og óhjákvæmilegt að þar geti komið upp ágreiningur á milli nemenda innbyrðis eða á milli nemenda og kennara eða annarra starfsmanna. Mikilvægt er að leitað sé beint til skólans með að finna lausnir sameiginlega og á jákvæðum nótum þegar þessar aðstæður koma upp. Skólinn leysir ekki mál á Facebook eða öðrum samskiptamiðlum.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.10.2026

Komi nemandi ósáttur úr skólanum er mikilvægt að foreldrar snúi sér beint til umsjónarkennara eða þess kennara er málið varðar, til að ræða mál og fá að heyra allar hliðar þess. Finnist ekki lausn í samræðum þeirra er málinu vísað til deildarstjóra.
Deildarstjóri fundar með aðilum máls og fær sér til aðstoðar þá aðila innan stoðkerfis skólans sem þurfa þykir, sálfræðing, námsráðgjafa, sérkennara eða hjúkrunarfræðing. Finnist ekki lausn þar er málinu vísað til skólastjóra.
Skólastjóri fundar með aðilum málsins og leitar aðstoðar Menntasviðs Kópavogsbæjar ef ástæða þykir til. Finnist ekki lausn er málinu vísað til Menntasviðs.

Foreldrar eru mikilvægasti samstarfsaðili skólans í skólastarfinu. Foreldrar eru velkomnir í skólann en mælst er til þess að þeir bóki viðtöl hjá ritara áður en þeir koma í skólann. Um allt skólastarf ríkir trúnaðarskylda, samkvæmt lögum um persónuvernd, og foreldrar þurfa að gæta þess að það sem þeir verða varir við í skólastarfinu og snertir önnur börn en þeirra eigin, eiga þeir að gæta fyllsta trúnaðar um.

Viðburðir með foreldrum:

- Á hverjum vetri eru tveir foreldraviðtalsdagar þar sem foreldrar ásamt nemendum mæta til umsjónarkennara og farið er yfir námsframvindu og líðan nemandans í skólanum.
- Í byrjun skólastarfs eru haldnar námskynningar fyrir foreldra. Þar er um að ræða hópfundi þar sem skólastarf vetrarins er kynnt og foreldrar hafa tækifæri til að velja sér bekkjarfulltrúa/árgangafulltrúa og ræða þau mál sem á þeim brenna.
- Fyrstu helgi aðventu heldur foreldrafélag skólans jólaföndurdag í skólanum.
- Árlega heldur skólaráð opinn fund með foreldrum. Þá eru valin efni tekin til umræðu í hópum og niðurstöðurnar nýttar til úrbóta og við mat á skólastarfinu.
- Í maí fer fram vorskóli fyrir nemendur í verðandi 1. bekk. Á sama tíma fá foreldrar þeirra fræðslu um stoðþjónustu skólans og ýmsar gagnlegar upplýsingar varðandi það að byrja í skóla.
- Á hverju ári eru settir upp söngleikir í 3., 4. og 6. bekk. Foreldrum er boðið sérstaklega á þessar sýningar. Auk þess setja kennarar gjarnan upp sýningar við lok þemaverkefna og bjóða foreldrum í heimsókn.
- Lengri ferðalög eru í samstarfi við foreldra. Ákvörðun um hvort farið er í þessar ferðir liggur hjá foreldrum og sjá þeir jafnframt um alla fjáröflun vegna þeirra. Skólinn er tengiliður við skólabúðir þegar farið er í þær og kennarar annast undirbúning frá skólanum með nemendum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

9. Viðfangsefni innra mats

Sjálfsmat í Snælandsskóla byggir á þátttöku skólans í Skólavoginni, Olweusarkönnun sem lögð er fyrir alla nemendur frá 4. - 10. bekk ár hvert í nóvember, ásamt svo einstökum minni könnunum og starfsmannasamtölum sem lagðar eru fyrir á hverju ári.
Kannanir Skólavogarinnar eru þríþættar og er meginþáttur þeirra nemendakönnun sem lögð er fyrir alla nemendur í 6. - 10. bekk á hverju skólaári. Þá er foreldrakönnun lögð fyrir þriðja hvert ár og starfsmannakönnun einnig þriðja hvert ár. Við skólann starfar innramatsteymi sem fylgist með stöðunni, kynnir niðurstöður kannana og leitar lausna til úrbóta.

9.1 Innra mat Snælandsskóla skólaárið 2023 - 2024 felst í:

- Gerð langtímaáætlunar um umbætur og innra mat samkvæmt niðurstöðu ytra mats.
- Þátttöku allra nemenda í 6. - 10. bekk í könnun Skólapúlsins.
- Starfsmannasamtöl á vettvangi kennslu.
- Þátttöku allra nemenda í 4. - 10. bekk í eineltiskönnun sem framkvæmd er árlega í nóvember skv. Olweusaráætluninni.
- Könnun öryggisnefndar.
- Auk þessa eru lagðar fyrir minni kannanir svo sem tengslakannanir ef þörf þykir.

10. Stoðþjónusta

10.1 Sálfræðiþjónusta

Sálfræðingar skólaskrifstofunnar sinna greiningaráðgjöf í málum sem skólinn vísar til þeirra. Verksvið skólasálfræðings er vítt og má segja að hann sinni ráðgjöf við nemendur, foreldra og kennara.
Sálfræðingur athugar einnig einstaka nemendur eftir tilvísun kennara. Skilyrði fyrir afskiptum sálfræðings af einstökum nemendum er að samþykki forráðamanna liggi fyrir. Með slíkt er farið sem trúnaðarmál, en það á að sjálfsögðu einnig við um önnur afskipti af nemendum. Foreldrar geta einnig snúið sér beint til sálfræðings varðandi vandamál sem upp koma heima, þó þau tengist ekki skóla.
Vandamál sem koma til kasta sálfræðings eru mjög margvísleg. Öll eru þau þannig að mikilvægt er að tekið sé á þeim í tíma. Sumum foreldrum vex í augum að barni þeirra sé vísað til sálfræðings. Það er því rétt að benda foreldrum á að við skóla starfa ýmsir sérfræðingar aðrir en sálfræðingar. Má þar nefna námsráðgjafa, hjúkrunarfræðing og sérkennara. Sálfræðingur er í skólanum þrisvar í viku og hægt er að ná sambandi við hann með milligöngu skrifstofu skólans og nemendaverndarráðs.
Skólasálfræðingur Snælandsskóla er Elsa Kristjánsdóttir. Viðvera sálfræðings í Snælandsskóla er á mánudögum, þriðjudögum og miðvikudögum.

10.2 Talþjálfun

Við Snælandsskóla starfar talmeinafræðingur. Verksvið talmeinafræðings er að skima nemendur í 1. bekk en auk þess að aðstoða nemendur sem eiga við einhvers konar málörðugleika að etja. Algengast er að talmeinafræðingur fái til meðferðar nemendur með framburðargalla (þ.e. rangan framburð einstakra hljóða) raddveilur (hæsi), stam og seinan málþroska.

Foreldrar barna, sem þurfa á aðstoð talmeinafræðings að halda, geta haft samband við umsjónarkennara eða skrifstofu skólans, sem tekur við skilaboðum.
Dagný Annasdóttir talmeinafræðingur starfar í Snælandsskóla að jafnaði 4 daga í mánuði.

10.3 Námsráðgjöf

Hlutverk námsráðgjafa er að standa vörð um velferð allra nemenda skólans, styðja þá og hjálpa í þeim málum er snerta nám, skólavist, framhaldsnám, starfsval og persónuleg málefni. Námsráðgjafi er málsvari nemenda innan skólans. Katrín Dagmar Jónsdóttir er námsráðgjafi skólans og starfar hún í skólanum alla daga vikunnar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Nemendur eru alltaf velkomnir til námsráðgjafa og þurfa ekki að panta tíma. Einnig geta foreldrar og nemendur haft samband með tölvupósti eða í síma 441-4200.
Helstu verkefni námsráðgjafa eru eftirfarandi:

- Persónuleg ráðgjöf.
- Hópráðgjöf.
- Samskipti.
- Námstækni.
- Undirbúa nemendur undir flutning milli skóla/skólastiga.
- Ráðgjöf um framhaldsnám.
- Áhugasviðskannanir.
- Vinna að forvörnum í samvinnu við aðra starfsmenn skólans.
- Verkefnisstjóri í Olweus.

Allt sem nemendur eða foreldrar vilja ræða við námsráðgjafa er í fullum trúnaði en telji námsráðgjafi að lífi eða öryggi nemanda sé ógnað ber honum samkvæmt barnaverndarlögum að tilkynna það réttum yfirvöldum.

10.5 Heilsugæsla

Heilsugæsla Snælandsskóla heyrir undir Heilsugæsluna í Hamraborg. Ásdís Rún Bjarnadóttir skólahjúkrunarfræðingur sinnir skólaheilsugæslu í Snælandsskóla. Viðverutími skólahjúkrunarfræðings í skólanum er mánudaga 8:00–14:00, þriðjudaga 8:00–14:00, miðvikudaga 8:00–14:00 og fimmtudaga 10:00-12:00. Sími er 441-4212. Netfang: snaelandsskoli@heilsugaeslan.is.
Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra / forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

1. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
4. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling.
7. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum, hettusótt (ein sprauta) og leghálskrabbameini (stelpur, tvær sprautur með 6 mánaða millibili).
9. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki, stífkrampa og kíghósta (ein sprauta).
Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til. Skólaheilsugæsla fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli Landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra.

10.6 Önnur sérfræðiþjónusta

Einhverfudeild

Í Álfhólsskóla og Salaskóla eru reknar einhverfudeildir á vegum Kópavogsbæjar. Einungis nemendur sem hafa fengið einhverfugreiningu eiga kost á að sækja um pláss í einhverfudeild. Umsóknir fara fyrir umsóknarteymi sem fulltrúi Menntasviðs situr í.

Sérdeild Kópavogsskóla

Í Kópavogsskóla er rekin sérdeild fyrir nemendur í 5. – 7. bekk í Kópavogi sem glíma við þroskaskerðingar og/eða fjölþættan vanda. Umsóknir fara fyrir inntökuteymi sem fulltrúi Menntasviðs situr í.

Sérdeild Snælandsskóla

Í Snælandsskóla er rekin Smiðja fyrir nemendur á unglingastigi í Kópavogi með þroskaskerðingar og / eða við fjölþættan vanda. Umsóknir fara fyrir inntökuteymi sem skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu og fulltrúi Menntasviðs sitja í.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Nýbúakennsla

Álfhólsskóli veitir ráðgjöf vegna innflytjenda í skólum Kópavogs en nemendur eiga rétt á að sækja skóla í sínu nágrenni. Menntasvið úthlutar viðbótartímum í íslensku til nemenda með annað móðurmál.

Iðjuþjálfun

Ef nemendur þurfa sérstaka iðjuþjálfun er þeim vísað t.d. til Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra.

Tröð

Tímabundið námsúrræði á vegum Kópavogsbæjar fyrir nemendur sem eiga í erfiðleikum með að sækja skóla af mismunandi ástæðum.

Önnur úrræði

Ýmis námskeið og aðstoð á vegum Kópavogsbæjar s.s. Klókir Krakkar o.fl. sem foreldrar geta sótt um á vefsíðu Kópavogsbæjar.

11. Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

11.1 IGLÓ

IGLÓ félagsmiðstöð unglinganna í Snælandsskóla, tók til starfa í kjallara skólans 3. október 1996. Igló kemur úr tungumáli inútíta á Grænlandi og merkir „snjóhús“.
IGLÓ er félagsmiðstöð fyrir unglingadeildina í Snælandsskóla. Hún heldur uppi opnum húsum tvö kvöld í viku og annan hvern föstudag þar sem iðulega er skipulögð dagskrá eins og fræðsla, kynningar, hin ýmsu skemmtikvöld, bíósýningar, söngvakeppnir og margt margt fleira.
Í félagsmiðstöðinni er mikið unnið með hópa/klúbbastarf og svo nemendaráðið sem skipuleggur mikið af dagskránni og sér um starfsemina í samráði við starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar. Þannig er reynt að virkja krakkana til að taka virkan þátt í sínu félagsstarfi og er það einnig rauður þráður í starfi Igló. Starfsfólkið hvetur unglingana til þess að framkvæma sínar hugmyndir og geta þeir alltaf fengið hjálp og leiðsögn hjá starfsfólki Igló. Í Igló hafa krakkarnir fastan samanstað í þægilegu umhverfi þar sem boðið er upp á fjölbreytta dagskrá. Öll starfsemi Igló er vímuefnalaus og skipa forvarnir stóran sess í félagsmiðstöðvastarfi.

11.2 Bekkjarkvöld/árgangakvöld

Bekkjarkvöld/árgangakvöld með foreldrum og umsjónarkennara eru tvisvar á skólaárinu. Þá hittast nemendur og foreldrar með kennurum árgangsins og njóta góðrar samveru. Fjórir fulltrúar foreldra í hverjum árgangi eru kosnir fulltrúar. Bekkjar/árgangafulltrúar hafa frumkvæði að því að haldin eru árgangakvöld og eru jafnframt hvattir til að standa fyrir fleiri samverustundum foreldra og nemenda á skólaárinu án umsjónarkennara.

11.3 Ferðalög

Ferð í skólabúðir fyrir nemendur í 7. og 9. bekk og útskriftarferð 10. bekkjar eru ákveðnar með foreldrum og kostaðar af þeim en skólinn styður verkefnin með því að aðstoða við skipulag og senda tvo kennara í skólabúðirnar og einn í útskriftarferðina og annast forföll fyrir þá á meðan. Forsenda þess að farið sé í ferðir sem þessar er að allur þorri nemenda taki þátt í þeim. Skólinn sér um undirbúning annarra vettvangsferða (sjá vettvangsferðir).

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

11.4 Árshátíð

Árshátíð 8. – 10. bekkja er haldin að kvöldi til og sér Félagsmiðstöðin IGLÓ um framkvæmd hennar. Árshátíð miðstigs er haldin á skólatíma þar sem nemendur í 5. – 7. bekk ásamt umsjónarkennurum sjá um skemmtiatriði í sal skólans. Skemmtuninni lýkur með dansskemmtun í húsnæði IGLÓ sem eldri nemendur annast.

12. Símenntunaráætlun Snælandsskóla 2023 – 2024

12.1 Kennsluhættir 21. aldar

Snælandsskóli hefur alla tíð verið framsækinn skóli og státar af mörgum þróunarverkefnum og kennarar eru óragir við að taka þátt í starfsþróunarverkefnum. Í skólastarfi Snælandsskóla er leitast við að taka mið af kennsluháttum 21. aldarinnar. Við stefnum að teymiskennslu er í öllum árgögnum, Snillismiðjan sé virk í skólastarfinu og skólinn er Réttindaskóli UNICEF sem kallar á aukið nemendalýðræði. Breyting á kennsluháttum felst í *Flæði* á miðstigi með áherslu á sköpun, tækni og samskipti. *Frelsi og vinnutímar* á unglingastigi sem byggja á sjálfstæðri vinnu og verkefnavali nemenda þar sem þeir fá að hafa áhrif á eigið nám.

Ný viðfangefni eru alltaf áskorun. Skólastjórnendur og kennarar þurfa sífellt að leita leiða til að þróa skólann áfram. Hlutverk stjórnenda og kennara er að breytast úr því að vera fræðarinn yfir í það að vekja áhuga, efla sjálfstæði, hvetja til frumkvæðis og leita sér þekkingar. En til þess að þetta sé hægt þarf að virkja marga til að koma að nýjum hugmyndum og koma nýrri hugsun í framkvæmd. Þau verkefni sem tekin eru fyrir og skipulögð innan skóla verða að eiga rætur í framtíðarsýn og stefnumiðum skólans. Opinn, samvirkur og sveigjanlegur skóli sem hefur ætíð hagsmuni nemenda að leiðarljósi er skóli nútímans.

12.2 Áhersla á teymisvinnu

Undanfarin ár hefur átt sér stað þróun í átt að teymiskennslu. Í öllum árgöngum er ekki um eiginlega bekki að ræða heldur sameinast kennarar um umsjón með árgangi og skiptingar í hópa eru breytilegar eftir námsgreinum og tímabilum.

Kostirnir og markmið með teymiskennslu eru:

- að nýta sérhæfingu hvers og eins kennara mun betur.
- að flæði nemenda getur verið þvert á hópa og ýtt undir vinatengsl í öllum árgangnum.
- að það er gagnkvæmur stuðningur við agamál.
- að námsmat verður samræmdara.
- að það verður meiri fjölbreytni í kennslunni.
- að nemendur eru síður aðgreindir eftir getu.
- að hægt er að hafa smærri hópa og mæta ólíkum þörfum nemenda.
- að meiri fjölbreytni verður í verkefnum, þar sem fleiri koma að skipulagi kennslunnar.

12.3 Réttindaskóli UNICEF

„Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.“

Mannréttinda- jafnréttis- og lýðræðisteymi skólans heldur utan um störf Réttindaráðs og innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Kennarar og starfsfólk fá fræðslu frá teyminu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

12.4 Leiðbeinandi námsmat

Áfram verður haldið á skólaárinu 2023-2024 að leggja áherslu á að stíga fleiri skref við innleiðingu á leiðbeinandi námsmati. Leiðir til þess felast meðal annars í hvatningu og fræðslu fyrir kennara auk þess sem kennarar deila hugmyndum og reynslu á vinnufundum.

12.5 Starfsþróunaráætlun 2023 – 2024

Breytingar geta orðið á þessari áætlun því vissulega geta komið þættir inn á næsta skólaári sem verða til þess að endurskoða þarf áherslur.

Þáttur	Hverjir	Hvenær	Afrakstur	Ábyrgð
Starfsþróun á vegum Kópavogsbæjar	Kennarar í Kópavogi	ágúst 2023	Kennarar sækja námskeið að eigin vali	Menntasvið
Hinsegin fræðsla	Allir kennarar	21. ágúst	Fræðslufundur	Stjórnendur
Spjaldölvur og tækni	Kennarar í Snælandsskóla	Tvisvar til þrisvar á skólaári	Jafningjafræðsla	Stjórnendur
Gervigreind	Allir kennarar	20. sept	Nýir kennsluhættir	Ragnar Þór Pétursson
Grænfáni, UNICEF, Heilsuefling, Olweus	Allir starfsmenn	27. sept	Fræðslufundur	Teymi skólans
Skyndihjálp	Allir starfsmenn	10. október 2023	Upprifjun	Stjórnendur
	Kennarar í stýrihópi	vikulega	Samstarfsfundir	Olweusarteymi
Leiðsagnarnám	Kennarar	Einu sinni á önn	Fræðslufundir	Óákveðið
Teymiskennsla	Kennarar	Einu sinni á önn	Fræðslufundir	Óákveðið
Fundir teyma	Kennarar	Reglulega í hverjum mánuði	Fræðsla og samvinna	Teymi skólans

Önnur starfsþróun

Reynt verður að koma til móts við óskir kennara um að sækja námskeið eða ráðstefnur um efni sem snertir ekki beint aðaláherslur skólans en felur í sér t.d. faglega símenntun hvers og eins í sínu fagi.
Annað starfsfólk en kennarar munu einnig verða hvattir til þess að fara á sérstök námskeið og ráðstefnur þegar tilefni verður til svo sem námsráðgjafi, stuðningsfulltrúar og starfsmenn frístundar, vegna sértækra úrræða einstakra nemenda, en erfitt er að gera áætlun um slíkt fyrirfram. Þeir starfsmenn sem stunda önnur störf svo sem matráðar, húsvörður og skólaliðar verða hvattir til að nýta sér námskeið sem gefast á þeirra vettvangi.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

13. Rýmingaráætlun og viðbrögð við vá

13.1 Rýmingaráætlun Snælandsskóla

Viðbragðs- og rýmingaráætlun fyrir Snælandsskóla er unnin af verkfræðistofunni EFLU og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

13.2 Viðbrögð við vá

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs fyrir Snælandsskóla er unnin með hliðsjón af leiðbeiningum Landlæknisembættisins og er aðgengileg á heimasíðu skólans.

13.3 Eineltisáætlun

Í Snælandsskóla hefur verið unnið eftir áætlun Olweusar gegn einelti frá árinu 2002 og er skólinn einn af fyrstu skólunum til að taka upp áætlun Olweusar gegn einelti. Skólinn styðst við Olweusaráætlun sem Menntamálaráðuneytið hefur gefið út. Við skólann starfar Olweusarteymi.

Skilgreining Olweusar á einelti er þegar einstaklingur verður aftur og aftur fyrir neikvæðu og óþægilegu áreiti eins eða fleiri og á erfitt með að verja sig. Einelti getur verið beint einelti og óbeint einelti. Með beinu einelti er átt við einelti með höggum, spörkum, blótsyrðum, niðurlægjandi og háðslegum athugasemdum. Með óbeinu einelti er átt við að maður verði útilokaður frá félagahópnum, verði fyrir illu umtali eða að aðrir komi í veg fyrir að maður eignist vini. Einnig er rafrænt einelti hluti af óbeinu einelti.

Eineltisáætlun má nálgast á heimasíðu skólans.

13.4 Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Áætlun vegna röskunar á skólastarf er gefin út af slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og áætlunina má finna á heimasíðu skólans og einnig á vefsvæði slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

13.5 Viðbrögð við jarðskjálfta

Áætlun um viðbrögð vegna jarðskjálfta má finna á heimasíðu almannavarna.

14. Skólaakstur og skólamáltíðir

14.1 Akstur í sund

Allir nemendur skólans eru keyrðir í sund með rútum.

- Lögð er áhersla á stundvísi nemenda og stundvísi í rútuferðir. Nemendur í 1. – 4. bekk fá fylgd í sundtímana.
- Ef nemandi missir af rútu skal hann hafa samband við ritara og ef nemandi missir af rútu frá sundlaug á hann að gefa sig fram í afgreiðslunni og bíða eftir næstu ferð þar. Starfsmenn í afgreiðslu sjá um að koma tilkynningu til skólans. Ef rúta mætir ekki skulu nemendur hafa samband við ritara skólans eða afgreiðslu í sundlauginni.
- Akstur í sund er eftir fastri stundaskrá og fer hver bekkur frá 1. – 10. bekk einu sinni í viku í sund.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

14.2 Skólamáltíðir

Í Snælandsskóla býðst nemendum að kaupa heitan hádegismat sem eldaður er á staðnum.

- Leitast er við að matseðlarnir, hráefnið og matreiðslan séu í samræmi við næringar- og gæðastaðla Landlæknisembættisins.
- Einungis er boðið upp á fasta áskrift fimm daga vikunnar en nemendur sem ekki kjósa mataráskrift koma með nesti að heiman.
- Skráning nemenda í mataráskrift er í gegnum íbúagátt á heimasíðu Kópavogsbæjar.
- Reynt er að koma til móts við nemendur með ofnæmi, óþol eða önnur einkenni og sem þola ekki þann mat sem í boði. Þeim gefst kostur á að fá sérfæði gegn framvísun læknisvottorðs. Sérfæði er eins og orðið gefur til kynna sérfæði, sérhannað fyrir hvern og einn. Ekki er gefinn út matseðill fyrir sérfæði þar sem þeir geta verið eins misjafnir og börnin eru mörg.

Gæsla í matsal og reglur:

Þeir starfsmenn og kennarar sem eru á gæsluvakt verða fyrst og fremst að aðstoða nemendur, sjá til þess að þeir fari að reglum, og hjálpa þeim yngstu, þurrka af borðum, o.s.frv.

- Fyrir yngstu nemendurna eru merkt borð.
- Þegar nemandi er búinn að borða á hann að ganga frá óhreinum ílátum og fara út í frímínútur. Skólaliðar á yngsta stigi fylgja nemendum úr matsal.
- Kennarar, aðrir skólaliðar og matráðar fylgjast síðan með þeim sem eftir eru.

Leiðbeinandi reglur fyrir nemendur sem umsjónarkennarar eru beðnir að kynna fyrir sínum bekkjum:

- Einföld röð er við skömmtunarborðið.
- Ávaxta- og grænmetisbar er í boði alla daga.
- Reiknað er með að nemendur nái að matast og taka frímínútur í matarhléinu.
- Starfsfólk er á vettvangi þar til nemendur í 1.-7. bekk eru farnir út.

Reglur í matsal hvað varðar framkomu, lengd viðveru í mat, notkun á spjaldtölvum o.s.frv. gilda að sjálfsögðu líka um þá sem eru með nesti.

Áréttað er mikilvægi þess að borðhald fari fram á rólegan hátt og að allir sameinist um að sjá til þess að stimpingar, ærsl og annað sem veldur hávaða verði sem allra minnst.

15. Annað sem varðar starfsemi skólans

15.1 Opnunartími skólans

Skólinn opnar fyrir nemendur kl. 07:45 á morgnana. Eftirlit á göngum er frá kl. 8:00. Skrifstofa skólans opnar kl. 07:30 og er opin til kl. 15:15. nema á föstudögum þá lokar skrifstofan kl. 15:00.

15.2 Heimasíða skólans

Snælandsskóli heldur úti heimasíðu og facebook síðu með fréttum úr skólastarfinu. Heimasíða skólans er uppfærð reglulega. Þar eru ýmsar hagnýtar upplýsingar, auk námsvísa og frétta af skólalífinu á hverjum tíma. Heimasíða skólans er: http://www.snaelandsskoli.is Umsjónarmaður heimasíðu er Ragnheiður E. Guðmundsdóttir kennari.

15.3 Frímínútnagæsla

Nemendur í 1. – 7. bekk, fara út í frímínútur tvisvar á dag. Nemendur eiga að vera heima eftir veikindi ef þeir eru ekki færir um að taka þátt í skólastarfi og frímínútum. Nemendur í 8.- 10. bekk, mega vera inni í sínum frímínútum og hafa aðstöðu í setustofu. Starfsfólk er á úti- og innivöktum og í setustofu nemenda. Auk þess eru 2 nemendur 10. bekkjar á vakt hverju sinni í frímínútum að morgni.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

15.4 Skólalóð

Á leikvelli skólans eru hefðbundin föst leiktæki og boltavellir.

Norðan við skólann er Fossvogsdalurinn í allri sinni dýrð. Mörk skólalóðarinnar eru mjög óljós að norðanverðu og því þurfa kennarar og foreldrar að brýna sérstaklega fyrir yngstu nemendum þeirra við byrjun skólagöngu að þeir megi ekki fara í rannsóknarferðir í dalinn í frímínútunum.
Nemendum er ekki heimilt að vera á línuskautum, hjólabrettum, hlaupahjólum eða öðrum slíkum farartækjum í skólanum á skólatíma.
Kennarar eru hvattir til að nýta það sem skólalóðin hefur upp á að bjóða svo og hið frábæra nágrenni - Fossvogsdalinn - og fara út með nemendur sína eins oft og tækifæri gefa tilefni til. Á skólatíma skulu nemendur vera innan marka skólalóðar.

15.5 Ábyrgð á fjármunum - óskilamunir

Foreldrar eru hvattir til að merkja vandlega að hausti skó, yfirhafnir og íþróttaföt með nafni nemandans og bekkjarheiti. Óskilamunir eru í vörslu gangavarða eða ritara. Vitja má óskilamuna á opnunartíma skólans. Eftir að skóla lýkur að vori er þeim óskilamunum sem eftir verða í skólanum ráðstafað til Rauða Krossins eða endurnýttir í list- og verkgreinum.

Skólinn ber ekki ábyrgð á fjármunum nemenda t.d. í yfirhöfnum eða töskum. Nemendur unglingastigs eiga kost á að leigja læsta skápa fyrir gögn sín.

15.6 Móttaka nýnema – brottflutningur nema úr skóla – skipti milli bekkja innan skóla

Þegar nýir nemendur koma í skólann að hausti eru þeir skráðir í þjónustugátt Kópavogsbæjar. Ef um nemendur er að ræða sem koma ekki úr skólahverfinu þurfa foreldrar að óska eftir skólavist fyrir barnið sitt.
Upplýsingar um komu nýnema til annarra starfsmanna skólans eiga að berast með pósti frá ritara og umsjónarkennari lætur öðrum kennurum í té þær upplýsingar sem hann hefur um nemandann.
Þegar nemandi fer úr Snælandsskóla á skólaárinu ber foreldrum að tilkynna slíkt til ritara skólans og umsjónarkennara nemandans. Ritari sendir upplýsingar til starfsmanna.

Móttaka nýrra nemenda í upphafi skólaárs

Í Snælandsskóla er öllum nýjum nemendum vel tekið. Þegar nýr nemandi er skráður í skólann býðst honum og foreldrum hans að koma í heimsókn í skólann ef þeir óska þess. Deildarstjórar taka á móti þeim og kynna skólastarfið og sýna þeim aðstöðuna. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Að taka við nemanda á miðjum vetri

Þegar nemandi byrjar í skólanum á miðjum vetri þarf að huga að nokkrum atriðum. Foreldrar innrita nemandann í þjónustugátt á vef Kópavogsbæjar. Deildastjóri og umsjónarkennari funda með foreldrum og koma upplýsingum til allra starfsmanna skólans. Þegar hópaskipan hefur verið ákveðin boðar umsjónarkennari nemandann til fundar með forráðamönnum utan kennslutíma. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Umsónarkennari þarf að:

- afla upplýsinga frá foreldrum um nemandann almennt, námsgengi (m.a. athuganir og greiningar) félagslega stöðu, skólagöngu hingað til, heilsufar, tengsl við aðra nemendur í skólanum o.s.frv. Ef eitthvað er athugavert við heilsu nemandans skal umsjónarkennari foreldrum á að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing. Umsjónarkennari fylgist með því að þær upplýsingar komist til skila.
- gefa foreldrum kost á að koma í skólann ásamt nemandanum til að hitta sig og skoða skólahúsnæði.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

- afhenda foreldrum og nemanda stundatöflu og benda þeim á hvar frekari upplýsingar er að finna (t.d. á heimasíðu skólans og Mentor.)
- gera foreldrum grein fyrir skólastefnu og vinnuvenjum í skólanum.
- veita upplýsingar um almenn atriði eins og viðtalstíma, nestismál, klæðnað í íþróttum, tilkynningar um forföll, beiðnir um leyfi o.s.frv.
- fara yfir skólareglur með foreldrum og nemanda.
- skipa nemandanum í viðeigandi hóp í sérgreinum.
- segja bekkjarfélögum frá komu nýs nemanda og virkja þá til að leiðbeina honum og auðvelda aðlögun í skólanum.
- sjá um í samráði við húsvörð að húsgögn séu til staðar fyrir nemandann.
- láta bekkjarfulltrúa fá upplýsingar um að nýir samstarfsforeldrar hafi bæst í hópinn.

Móttaka nemenda af erlendum uppruna

Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku hefur verið gefin út fyrir leik- og grunnskóla í Kópavogi. Snælandsskóli vinnur samkvæmt þeirri áætlun. Þegar sótt eru um skólavist fyrir nemendur af erlendum uppruna sem nýlega hafa flutt til landsins er mikilvægt að ritari skrái niður nafn, fæðingardag, þjóðerni, tungumál og símanúmer foreldra ef umsókn hefur ekki borist í gegnum þjónustugátt Kópavogsbæjar. Nemendur sem ekki hafa íslenska kennitölu er heimilt að hefja skólagöngu við skólann en áhersla lögð á að umsóknarferli um dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun sér komið af stað.

Deildarstjóri sérúrræða boðar foreldra til fundar með móttökuteymi skólans. Í móttökuteymi eru deildarstjóri sérúrræða, umsjónarkennari og hjúkrunarfræðingur. Gæta þarf þess að tryggja túlk ef þörf er á áður en fundað er. Námsráðgjafi hittir alla nýja nemendur á fyrstu vikum skólastarfsins. Umsjónarkennari hefur samband heim innan fyrstu fjögurra vikna til að heyra hvernig barninu vegnar í skólanum.

Handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku má nálgast hér á heimasíðu Kópavogsbæjar.

15.7 Hefðir í skólastarfinu

Í tímans rás hafa skapast ýmsar hefðir í skólastarfinu sem vert er að halda í heiðri.

Skólasetning á sal

Nemendur í 2.- 10. bekk mæta stutta stund í salinn þar sem skólastjóri setur skólann. Eftir það fara nemendur til sinna umsjónarkennara og fá afhentar stundatöflur. Í kjölfar skólasetningar fer fram námskynning fyrir nemendur og foreldra sem umsjónarkennarar annast. Nemendur í 1. bekk mæta í viðtal með forráðamönnum sínum hjá umsjónarkennara.

Jólaskemmtanir og stofujól

Tvo síðustu dagana fyrir jólaleyfi eru jólaskemmtanir og Litlu jól í skólanum.

Samsöngur

Sameiginleg söngstund er hjá yngsta stigi að jafnaði einu sinni í mánuði. Umsjón með söngstund hefur tónmenntakennari.

Myndatökur

Hópmynd af 10. bekk á hverju vori. 1., 4 og 7. bekkir fara í myndatöku á miðjum vetri.

Vorhátíð Grænfána

Frá 2004 hefur vorhátíð verið tengd Grænfána verkefninu. Unnið er að ýmsum verkefnum tengdum þemanu umhverfismál og nýr fáni dreginn að húni. Þemadagur með þátttöku foreldra tengdur umhverfisstefnu skólans er haldinn annað hvert vor.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Vorhátíð

Vorhátíð foreldrafélagsins er haldin annað hvert vor, það vor sem ekki er Grænfánahátíð.

Íþróttamót á unglingastigi

Á hverju ári eru haldin innanhúsmót í knattspyrnu og handbolta á milli árganga. Mótin eru haldin á skólatíma.

Íþróttamót á miðstigi

Á hverju ári eru haldin innanhúsmót í knattspyrnu og handbolta á milli árganga. Mótin eru haldin á skólatíma. Umsjón deildarstjóri og íþróttakennarar. Einnig annast íþróttakennarar í Kópavogi fótboltamót fyrir nemendur í 7. bekk, þar sem keppt er á milli skóla í Kópavogi. Nemendur í 5. bekk taka þátt í Blakmóti UMSK og nemendum í 6. bekk býðst að taka þátt í skólahlaupi UMSK.

Skólaslit í 1. - 9. bekk

Skólaslit í sal skólans eru í fernu lagi. Skólastjóri heldur skólaslitaræðu, deildarstjórar ávarpa nemendur, og umsjónarkennarar afhenda vitnisburð.

Skólaslit í 10. bekk

Skólaslit í 10. bekk eru sér athöfn. Safnast er saman í sal skólans. Mælst er til að foreldrar og starfsfólk skólans mæti á skólaslitin.

Lestrarátak

Segja má að skapast hafi hefð fyrir að vera með lestrarátak á yngsta og miðstiginu á hverju ári. Spurningakeppnir eru haldnar á mið- og unglingastigi sem tengjast bóklestri á ákveðnum bókum, Sögunni okkar og Lifandi vísindum.

Þemadagar

Eru ýmist sameiginlegir fyrir allan skólann, vinabekki eða hvert skólastig. Í ár eru Dagur íslenskrar náttúru (haustdagur), Dagur íslenskrar tungu, Dagur Barnasáttmálans, Olweusardagur, Heilsueflingardagur, Jólaskemmtanir, Öskudagur, Umhverfisdagur, vorferðadagur, vorleikar, vorhátíð eða Grænfánahátíð eru þemadagar samkvæmt skóladagatali. Þessir dagar eru ýmist fullir skóladagar eða með skertri viðveru nemenda.

15.8 Krakkaland - Frístundaheimili Snælandsskóla

Hlutverk frístundar er að bjóða upp á innihaldsríkt frístundastarf fyrir nemendur í 1.- 4. bekk skólans. Frístundaheimili eru hluti af starfi grunnskólanna og starfa á grundvelli 33. greinar grunnskólalaga (91/2008). Í daglegu frístundastarfi er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám barna með virkri þátttöku þeirra í öruggu umhverfi. Börnin fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á að flétta grunnþætti menntunar, sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun inn í daglegt starf. Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum. Skipulag frístundaheimila miðast við aldur og þroska barna frá 1.–4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þátttöku. Samvinna frístundastarfs við íþrótta- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barnanna heildstæðan. Starfsfólk frístundaheimila skal koma fram við börnin af virðingu og hlýju.

Skólastjórar eru yfirmenn frístundastarfs í skólunum og bera ábyrgð á faglegu starfi og að framkvæmd þess sé í samræmi við stefnu bæjarins í málaflokknum. Skólastjóri sér um að ráða forstöðumann sem ber ábyrgð á að skipuleggja og stjórna daglegu starfi. Forstöðumaður getur óskað eftir ráðgjöf frá sérmenntuðum ráðgjafa á sviði tómstundamála.

Forstöðukona Krakkalands, frístundaheimilis Snælandsskóla, er Maríanna Guðbergsdóttir en skólaárið 2023-2024 mun Halldóra E. Björgúlfsdóttir leysa hana af. Aðstoðarforstöðumaður er Anna Karen Ágústsdóttir en Guðrún Lilja Ingvarsdóttir mun leysa hana af tímabundið skólaárið 2023-2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10.2026

Opnunartími Krakkalands

Krakkaland er opið frá 13:20 til 17:00 alla kennsludaga, flesta starfsdaga, á foreldraviðtalsdögum skólans og í jóla- og páskafríi. Lokað er á skólasetningardegi og auk þess er einn starfsdagur á önn, þar sem starfsfólk Krakkalands undirbýr starfið. Lokað er í vetrafrí og á Þorláksmessu.
Krakkaland verður opið í jólafríi fram að Þorláksmessu og á virkum dögum í dymbilvikunni. Þar að auki er opið á virkum dögum í vikunni eftir skólaslit fyrir börn í 1. og 2. bekk til að brúa bilið þangað til sumarnámskeið byrja.

Skráning og gjaldskrá

Skráning í Krakkaland fer fram á netinu í gengum íbúagátt Kópavogsbæjar. Hægt er að velja hálfa og heila tíma. Viðkomandi þarf að vera með íslykill eða rafræn skilríki til að geta skráð sig inn í íbúagáttina.
Frestur til þess að sækja um dvöl, breyta dvalartíma, segja upp dvöl og/eða sækja um afslátt er til 20. hvers mánaðar. Breytingar taka gildi frá og með næstu mánaðamótum á eftir.
Afsláttur er veittur einstæðum foreldrum, öryrkjum (75% örorka eða meira) og námsmönnum (báðir foreldrar í námi). Afsláttur er ekki veittur afturvirkt.
Gjaldskrá má finna á heimasíðu Kópavogsbæjar http://www.kopavogur.is/is/gjaldskra

Sumardvöl

Sumardvöl er sérstakt framboð á fyrstu vikunum í ágúst fyrir börn í verðandi fyrsta bekk. Markmiðið er að stuðla að vellíðan, öryggi og jákvæðri aðlögun nemenda, jafnt félagslega sem námslega að umhverfi grunnskólanna áður en formlegt skólastarf hefst. Gert er ráð fyrir að börn útskrifist úr sínum leikskóla fyrir sumarfrí og hefji aðlögun að næsta skólastigi í sumardvöl við sinn hverfisskóla. Þannig skapist meiri samfella á milli skólastiga.
Sumardvölin er opin frá klukkan 8:00 að morgni til kl. 16:00 síðdegis og geta foreldrar valið ólíkan dvalartíma yfir daginn. Tekið er á móti börnunum milli 8:00 – 9:00. Allur matur, það er ávaxtanesti á morgnana, hádegismatur og síðdeshressing eru innifalin. Skráning fyrir sumardvöl fer fram í gegnum íbúagátt.

Samstarf við íþróttafélög

Krakkaland er í samstarfi við íþróttafélög Kópavogs, HK, Gerplu og Breiðablik. Samstarfið felst í því að börnin eru send í rútur á æfingar. Allar rútur leggja af stað frá Fagralundi. Starfsfólk Krakkalands sér til þess að börnin fari í rútur. Einnig eru börn send á íþróttaæfingar í nágrenninu.

Starfsáætlun Krakkalands

Árlega er gefin út starfsáætlun fyrir Krakkaland þar sem nánari upplýsingar um starfsemina er að finna.

15.9 Samstarf Snælandsskóla við leikskólana.

Markmið heimsókna og samstarfs við leikskólana í hverfinu er:

- að kynna leikskólanemendum grunnskólann og auðvelda þeim aðlögun að breytingum sem verða við skólaskiptin
- að samræma notkun hugtaka í kennslu nemenda í leikskóla og grunnskóla
- að kynna grunnskólann fyrir foreldrum leikskólabarnanna

Skólaheimsókn á haustönn

Skólahópur leikskólanna kemur í heimsókn í skólann. Deildarstjóri yngsta stigs tekur á móti hópnum og sýnir honum skólann.

Leikskólaheimsókn á vorönn

Skólahópur leikskólanna kemur í heimsókn í febrúar. Nemendur í 1. bekk fara í heimsókn í gamla leikskólann sinn með bók í farteskinu til að gefa skólahópnum. Bókin hefur að geyma verkefni nemenda um það sem gert er í skólanum. Leikskólakennarar geta síðan unnið með efni bókarinnar í vinnu með elstu börnunum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026

Sameiginleg skemmtun að vori

Skólahópnum boðið í heimsókn í skólann. Mismunandi er frá ári til árs hvað boðið er upp á. Reynt að nýta nemendasýningar hverju sinni.

Bréf sent heim í apríl/maí

Bréf er sent heim til 5 ára nemenda um væntanlega skólaheimsókn í maí. Aðeins þau börn sem hafa verið innrituð í Snælandsskóla fá þetta bréf.

Skólaheimsókn í maí, Vorskóli

Væntanlegir nemendur í 1. bekk Snælandsskóla koma á boðuðum tíma í heimsókn í skólann. Þeir fara inn í 1. bekk og dvelja þar í um tvær kennslustundir. Á meðan fer fram kynning fyrir foreldra á stoðþjónustu skólans.

15.10 Samstarf við framhaldsskóla

Í Snælandsskóla er reynt eftir megni að kynna 10. bekkingum þær námsleiðir sem til boða standa að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi tekur einstaklingsviðtöl við alla nemendur og skipuleggur kynningar í samráði við deildarstjóra unglingastigs.
Námsráðgjafi er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur Snælandsskóla um allt er þá fýsir að vita um starfsemi þeirra.
Á hverju ári stunda nokkrir nemendur fjarnám við VÍ sem hluta af vali sínu við skólann.

Samþykkt í skólaráði Snælandsskóla
26.9.2023

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.10 2026